

Skýrsla

Menntaskólinn við Sund

Úttekt á starfsemi unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneyti



Bragi Guðmundsson
Trausti Þorsteinsson

Gát sf

2014

Menntaskólinn við Sund
Úttekt á starfsemi fyrir mennta- og
menningarmálaráðuneyti

Gát sf
2014

© Gát sf. Bragi Guðmundsson og Trausti Þorsteinsson, 2014.
Menntaskólinn við Sund. Úttekt.
Unnin að ósk Námsmatsstofnunar fyrir mennta- og menningarmálaráðuneyti.
Mynd á forsíðu: Trausti Þorsteinsson.

ISBN 978-9935-436-40-5

Heildarniðurstöður

- MS er hreinn bóknámsskóli með bekkjarkerfi. Langþráðar byggingaframkvæmdir hófust við MS haustið 2013. Vegna þess hafa eldri byggingar eða húshlutar orðið að víkja og margháttaðir erfiðleikar hlotist af. Tvær námsbrautir eru til boða við skólann en þær deilast niður í sex ólík kjörsvið á þriðja og fjórða námsári.
- Skólanámskrá MS er að stofni til tvískipt. Fyrri hluti er almenn lýsing á skólanum, stefnu hans og stjórnun. Í síðari hlutanum eru námsbrauta- og áfangalýsingar. Almennur hluti skólanámskrár MS 2013–2014 er byggður að hluta til á *Aðalnámskrá framhaldsskóla* frá 2011 en einnig er byggt á *Aðalnámskrá framhaldsskóla* frá 1999–2000. Skólanámskráin er aðgengileg og auðvelt að rata um hana út frá efnisyfirliti.
- Ekkert er fjallað um kennsluhætti í skólanámskrá MS en finna má stakar upplýsingar um gerð náms- og kennsluáætlana. Fagstjórar segja kennara vera sjálfráða um kennsluáðferðir og reynt er að samræma áherslur milli þeirra sem kenna sama námsefni. Unnið hefur verið að þróun samvinnunámsaðferða í kennslu við skólann.
- Í skólanámskrá er fjallað um ytri þætti námsmats, þ.e. próf og einkunnir. Ekki er fjallað um hlutverk námsmats né námsmatsaðferðir og engin sérstök stefna kemur fram af hálfu skólans í þeim efnum. Unnið hefur verið eftirtektarvert þróunarverkefni um námsmat.
- Markvisst þróunarstarf hefur farið fram innan MS og þar eiga starfendarannsóknir einna lengsta sögu. Unnið er kerfisbundið að markmiðum skólastarfsins eins og þau birtast í skólasamningi. Á hverju ári er tekið fé frá rekstri til að styrkja skólaþróunarverkefni er falla að forgangsverkefnum skólans.
- Frá aldamótum hefur meðalfjöldi nemenda verið um 750 og hlutfall kynja tiltölulega jafnt. Skólinn er fjarri því að vera hverfisskóli eins borgarhluta í Reykjavík því nemendur koma víða að af höfuðborgarsvæðinu.
- Lítil starfsmannavelta hefur verið í skólanum sl. fimm ár. Allir kennarar skólans, 53 að tölu, eru með kennsluréttindi og annast kennslu í þeim greinum sem þeir hafa menntun til. Meirihluti kennara hefur lokið meistaraþrófi í kennslugrein sinni eða doktorsþrófi.
- Af skipuriti MS má ráða að dreifstýring sé allmikil og sú er tilfinning yfirstjórnar skólans. Kennarar og aðrir starfsmenn segja hins vegar margir um einstefnustjórnun af hálfu rektors að ræða. Ekki sé hlustað nægjanlega eftir sjónarmiðum starfsmanna og stjórnendur eigi til að taka ákvarðanir án samráðs við þá sem næst vettvangi standa.
- Fjárhagsörðugleikar hafa haft margvísleg neikvæð áhrif á starfsemi MS eftir hrun sem meðal annars hafa komið niður á þjónustustigi gagnvart nemendum sem kennurum. Árið 2012 var rekstrarhalli kr. 22,5 m.kr. og neikvætt eigið fé fyrsta janúar 2013 kr. 14,3 m.kr. Rekstrarvanda hefur m.a. verið mætt með því allt frá 2007 að fækka í starfslíði skólans um fast að því tíu stöðugildi, flest í kennslu en einnig í stoðdeildum skólans.
- Sjálfsmat er framkvæmt reglulega í MS. Sjálfsmatsáætlun er gerð til þriggja ára og byggð á skólanámskrá og sjálfsmatsstefnu skólans. Matið er nýtt til þróunar- og umbótastarfs en ástæða er til að birta niðurstöður úr sjálfsmati með kerfisbundnari og nákvæmari hætti en verið hefur. Niðurstöður þurfa meðal annars að taka til allra starfseininga, þ.e. kennslu, þjónustu og stjórnunar auk árangurs og líðanar starfsmanna sem nemenda.
- Foreldrar hafa lítil áhrif á stefnumótun skólans að öðru leyti en því sem fæst með setu fulltrúa foreldraráðs í skólanefnd og þátttaka þeirra er lítil í skólastarfinu.

Efnisyfirlit

1	Inngangur	6
2	Menntaskólinn við Sund	7
2.1	Húsnæði og búnaður	7
2.2	Hlutverk og stefna	8
2.2.1	Starfsmannastefna	8
2.2.2	Mannréttindastefna	9
2.2.3	Jafnréttisstefna	9
2.2.4	Forvarnarstefna	9
2.2.5	Aðgerðaáætlun vegna eineltismála	10
2.2.6	Umhverfisstefna	10
2.2.7	Vinnuumhverfisstefna	10
2.2.8	Viðbragðsáætlun vegna áfalla og sorgaratburða	10
2.3	Markmið og aðgerðir 2013–2014	10
2.4	Bókasafn	11
2.5	Tölvur og upplýsingatækni	12
2.6	Náms- og starfsráðgjöf	12
2.7	Mötuneyti	12
2.8	Skrifstofa	13
2.9	Mat úttektaraðila	13
3	Nám og kennsla	14
3.1	Skólanámskrá	15
3.2	Námsbrautir	16
3.3	Kennsluhættir	18
3.3.1	Námsmat	19
3.4	Þróunarverkefni	19
3.5	Mat úttektaraðila	20
4	Nemendur	22
4.1	Fjöldi nemenda í námshópum	24
4.2	Umsjón	25
4.3	Fjarvistir og brotthvarf	25
4.4	Brautskráningar	26
4.5	Nemendur með sérþarfir	27
4.5.1	Framhaldsskólabraut	27
4.6	Nemendur af erlendum uppruna	27
4.7	Nemendafélag	28
4.8	Mat úttektaraðila	29
5	Mannauður	30
5.1	Starfsmannavelta	31
5.2	Starfsþróun	31
5.3	Forfallakennsla	32
5.4	Mat úttektaraðila	32
6	Stjórnun og rekstur	33
6.1	Skólanefnd	35
6.2	Skólaráð	36
6.3	Rekstur skólans	36
6.4	Mat úttektaraðila	38
7	Skólabragur og samskipti	39
7.1	Heilsueflandi framhaldsskóli	40

7.2	Mat úttektaraðila	40
8	Innra mat	41
8.1	Starfsmannasamtöl	43
8.2	Mat úttektaraðila	43
9	Foreldrasamstarf og ytri tengsl	44
9.1	Tengsl við stofnanir.....	45
9.2	Mat úttektaraðila	45
10	Niðurstöður	46
10.1	Styrkleikar og veikleikar	48
10.2	Aðgerðir.....	49
11	Heimildaskrá.....	51
12	Fylgiskjöl	53

Myndir

Mynd 1: Yfirlit yfir námsbrautir og kjörsvið í MS 2013–2014.	16
Mynd 2: Hlutfallsleg kynjaskipting nemenda MS 2008–2013.	22
Mynd 3: Þróun nemendafjölda í MS og á landinu öllu út frá miðgildi 2008–2012.	22
Mynd 4: Brautskráðir stúdentar frá MS 2008–2013 eftir námsbrautum.	26
Mynd 5: Aldurssamsetning kennaraliðs MS 2013–2014.	30
Mynd 6: Samanburður á aldri kennara í MS og framhaldsskólum landsins.	31
Mynd 7: Skipurit MS 2013–2014.	33

Töflur

Tafla 1: Skipting nemenda á námsbrautir 2008–2009 eftir kynjum.	17
Tafla 2: Aldursdreifing nemenda í MS árið 2013 greint eftir kynjum.	23
Tafla 3: Uppruni nemenda í MS haustið 2013.	23
Tafla 4: Fjöldi nemenda í námshópum í MS 2013–2013.	24
Tafla 5: Fjöldi starfsmanna MS 2013–2014 og starfshlutfall eftir kynjum.	30
Tafla 6: Menntun kennara MS eftir kynjum.	30
Tafla 7: Starfsmannavelta MS 2009–2013.	31

1 Inngangur

Textinn sem hér fer á eftir geymir niðurstöður úttektar á starfsemi Menntaskólans við Sund í samræmi við fyrirmæli gildandi laga og erindisbréf og samning Námsmatsstofnunar við úttektaraðila, dagsett 13. og 21. febrúar 2014. Við úttektina er jafnframt litið til *Aðalnámskrár framhaldsskóla*, 2004 og 2011, og reglugerða eftir því sem við á.

Námsmatsstofnun fól Braga Guðmundssyni, prófessor við hug- og félagsvísindasvið Háskólans á Akureyri, og Trausta Þorsteinssyni, dósent við sama svið og skóla, að gera úttektina. Í samningi Námsmatsstofnunar og úttektaraðila er verkefnið skilgreint sem „úttekt á starfsemi Menntaskólans við Sund, sjálfstæðu mati á þáttum sem teknir eru út, gerð tillagna um úrbætur og skýrslu um verkefnið.“ Að auki er úttektaraðilum falið að horfa sérstaklega til eftirfarandi þátta: Skólans og umhverfis hans, skólanámskrár, stjórnunar og reksturs, náms og kennslu, skólabrags og samskipta, innra mats, samstarfs við foreldra og nemenda með sérþarfir. Meginkaflaskipan skýrslunnar fylgir í öllum aðalatriðum þessum fyrirmælum Námsmatsstofnunar. Að lokinni grunnupplýsingagjöf innan hvers kafla þar sem leitast er við að draga upp mynd af viðfangsefninu kemur mat úttektaraðila og bent er á leiðir til úrbóta þar sem þeirra er þörf. Stutt samantekt er fremst í skýrslunni.

Gagnaöflun fór fram með þrennum hætti: Fyrst var heimasíða skólans könnuð og þangað sóttar upplýsingar um skipulag hans og starfsemi. Að því búnu var óskað upplýsinga um tiltekin atriði með bréfi til skólameistara, dagsett 26. febrúar 2014 (fylgiskjal 1). Við þeim óskum var brugðist fúslega en vegna yfirvofandi verkfalls framhaldsskólakennara var ákveðið að heimsókn úttektaraðila biði uns því lyki. Af henni varð 28.–29. apríl 2014 þegar fáir dagar voru eftir til kennsluloka. Markmiðið var að kynnast skólanum og skólastarfinu af eigin raun og taka ítarleg viðtöl við hlutaðeigandi. Í þessum viðtölum var stuðst við viðtalsramma og voru þau öll hljóðrituð með góðfúslegu leyfi viðmælenda. Viðtöl voru tekin við: Skólameistara, formann skólanefndar, aðstoðarskólameistara, kennslustjóra, skrifstofustjóra, fjármálastjóra, forstöðumann bókasafns, námsráðgjafa, sjálfsmatshóp, sviðsstjóra, fagstjóra, formann foreldraráðs, rekstrarstjóra fasteigna, vinnuumhverfisstjóra, umsjónarmann tölvukerfis, verkefnisstjóra umsjónar í fyrsta bekk, verkefnisstjóra starfendarannsóknar, verkefnisstjóra námsnets, endurmenntunarstjóra, félagsmálafulltrúa og stjórn nemendafélagsins. Auk þess voru tekin rýnivíðtöl við hópa kennara og nemenda. Samtals 46 einstaklinga.

Óskað var liðsinnis formanns nemendafélagsins við tilnefningu nemenda í rýnihópa og trúnaðarmanns kennara um val á kennurum í rýnihópa. Nánari upplýsingar um gögn að baki skýrslunni eru í heimildaskrá. Úttektaraðilar þakka öllum þeim sem þátt tóku í rýnihópum, veittu viðtöl og aðstoð með öðrum hætti við gagnaöflun.

2 Menntaskólinn við Sund

Menntaskólinn við Sund (MS) var stofnaður árið 1969 og tók til starfa í húsnæði Miðbæjarskólans við Fríkirkjuveg og fékk heitið Menntaskólinn við Tjörnina (MT). Fyrsta árið var skólinn eins konar útibú frá MR og hafði einn af kennurum þar umsjón með daglegu skólahaldi. Frá byrjun skólaárs 1970–1971 varð MT sjálfstæð stofnun en eftir var að finna honum varanlegan samastað. Hann var fluttur í húsnæði Vogaskóla haustið 1974 og starfaði þar og við Tjörnina til vors 1976 þegar endanlega var flutt út úr Miðbæjarskólanum. Við flutninginn stórbatnaði öll aðstaða nemenda og kennara. Til dæmis var bókasafn sett á stofn, kennarar fengu vinnuherbergi, nemendur samkomusalinn Skálholt (1977) og kaffistofuna Kattholt (1978). Nafnið hélst samt óbreytt um sinn en við skólaslit vorið 1977 var tilkynnt að skólinn skyldi heita Menntaskólinn við Sund.

Kjörorð MS eru *Virðing – Jafnrétti – Ábyrgð – Heiðarleiki*. Skólinn er hreinn bóknámsskóli með bekkjarkerfi og býður eingöngu upp á nám til stúdentsprófs. Árið 1970 var tekið upp annakerfi og skólaárinu skipt í tvö námstímabil, haustönn og vorönn. Sú skipan hefur haldist síðan. Fyrstu stúdentarnir voru brautskráðir frá skólanum árið 1973.

Rektor var fyrst ráðinn að skólanum 1970, Björn Bjarnason. Fyrsti kornrektor var ráðinn 1975, Þór Vigfússon, og embætti kennslustjóra var stofnað haustið 1990. Núverandi rektor MS er Már Vilhjálmsson, Hjördís Þorgeirsdóttir er konrektor og Sigurrós Erlingsdóttir er kennslustjóri.¹

2.1 Húsnæði og búnaður

Húsnæði Miðbæjarskólans var að mörgu leyti óhentugt og árið 1972 fékk skólinn fyrirheit um nýtt skólahúsnæði og honum tryggð lóð í Laugardal (skammt fyrir vestan Glæsibæ). Af framkvæmdum varð hins vegar ekki.² Núverandi hús eru í reynd þrjár byggingar og er innangengt á milli þeirra. Vegna nýframkvæmda var svo þó ekki skólaárið 2013–2014. Elsta húsið, Langholt (sem nú hefur verið rífið), var frá 1957. Í miðið er Þrísteyn, þriggja hæða hús sem byggt var 1961. Þar er samkomurými, vinnuherbergi og önnur aðstaða nemenda auk kennslustofa. Yngsta húsið var byggt 1966. Það hýsti skrifstofur skólans og stoðþjónustu til vors 2014, aðalanddyri, og íþróttahús auk kennslustofa.

Langþráðar byggingaframkvæmdir hófust við MS haustið 2013 og er ætlunin að byggja um 2800 fermetra viðbyggingu sem á að afhenda sumarið 2015. Vegna þess hafa eldri byggingar eða húshlutar orðið að víkja og margháttaðir erfiðleikar hlotist af. Meðal annars hefur skólinn orðið að taka hluta húsnæðis Menntaskólans Hraðbrautar við Faxafen til leigu uns nýbyggingin verður tilbúin.³

Núverandi skólahús eru víða lúin og þarfnast endurbóta. Sumar þeirra verða að veruleika í tengslum við yfirstandandi byggingaframkvæmdir og unnið er eftir viðhaldsáætlun skólans og Fasteigna ríkisins. Þegar núverandi nýframkvæmdum lýkur verður flestum stórum viðhalds- og breytingaaðgerðum lokið að frátöldum gólfefnaskiptum í Þrísteyni og endurnýjun gólfs og lofts í íþróttasal. Mikill kostur er að innangengt er og verður um öll húsin og gott aðgengi fyrir hreyfihamlaða verður tryggt þegar framkvæmdum lýkur. Ekki verður hjá því komist að minnst á að stór hluti nemendasalerna varð að víkja við niðurrif tengibyggingar á árinu 2013 og núverandi ástand þeirra mála verður slæmt til 2015.

Kennarar hafa vinnuaðstöðu á nokkrum stöðum. Hún er sums staðar í þokkalegu lagi en annars staðar þröng. Ljósleiðaratengingar eru á milli tölvuskápa/svissaboxa og skipt hefur

¹ *Söguágrip*. (2004).

² *Söguágrip*. (2004).

³ *Húsnæði MS*. (2013).

verið út gömlum þráðlausum sendum. Margar tölvur eru hins vegar orðnar gamlar og og ráða illa við hlutverk sitt. Unnið er að endurnýjun þeirra í samræmi við áætlun sem sett var af stað skólaárið 2012–2013. Ekki er ástæða til þess að leggja sérstakt mat á kaffistofu kennara né heldur skrifstofurými því hvort tveggja hefur verið rífið og flutt í bráðabirgðahúsnæði þegar þessi skýrsla kemur út. Í reynd er örðugt að meta húsakost skólans út frá núverandi aðstæðum en ljóst að miklar breytingar verða til batnaðar í þeim efnum á næstu misserum.

2.2 Hlutverk og stefna

Í skólanámskrá Menntaskólans við Sund 2013–2014⁴ og á sérstakri stefnusíðu innan heimasíðu MS eru meginmarkmið skólans skilgreind með eftirfarandi hætti:

Það er markmið skólans að bjóða nemendum aðeins það besta, góða þjónustu og fyrsta flokks nám óháð því á hvaða námsbraut þeir eru. Þá leggur skólinn sérstaka áherslu á að vera í fremstu röð hvað varðar náttúrufræðikennslu. Þessum markmiðum sínum ætlar skólinn að ná með því að virkja frumkvæði nemenda og starfsmanna, með því að leggja áherslu á góða kennslu og fjölbreytilega kennsluhætti, nýtingu upplýsingatækni í kennslu, góðan tækjakost, samvinnu við fyrirtæki og stofnanir og símenntun starfsmanna sinna.⁵

Um sérstaka áhersluþætti segir að skólinn leggi áherslu á:

- Nemendavænt umhverfi.
- Fjölbreytta kennsluhætti og öflugt þróunarstarf.
- Góðan starfsanda.
- Góðan undirbúning fyrir háskólanám og faglega ráðgjöf.
- Góðan og nútímalegan aðbúnað til náms og kennslu.
- Alþjóðlegt samstarf nemenda og kennara.
- Virkt sjálfsmat.
- Aðstoð við nemendur með námsörðugleika.
- Sjálfstæð vinnubrögð nemenda.
- Öflugt félagslíf nemenda og virkt forvarnarstarf.

Þessari stefnumörkun er fylgt eftir með sérstökum stefnuskjölum (eða fyrirheitum um þau) sem taka til: aðgerða vegna eineltismála; forvarna; jafnréttis; mannréttinda; markmiða og aðgerða 2013–2014; sjálfsmats; starfsmannastefnu; viðbragða við áföllum; stjórnsýslu; umhverfismála og vinnuumhverfis. Frá sumum þessara stefnuskjala er greint í undirköflunum næst hér á eftir en önnur koma við sögu síðar. Rétt er að taka fram að sums staðar er smávægilegur munur á stefnunum eins og þær eru kynntar á heimasíðu skólans og í skólanámskrá. Til þess að halda ákveðnu samræmi í þessari skýrslu er að jafnaði farið eftir stefnusíðu heimasíðunnar því ætla má að hún sé tímalausari en engu að síður er leitað til skólanámskrárinnar þegar hún er fyllri.

2.2.1 Starfsmannastefna

Á heimasíðu MS segir að starfsmannastefna skólans sé í endurskoðun og ný útgáfa sé væntanleg. Á síðunni sést að þessi hluti hennar var síðast uppfærður í september 2009 en engar frekari upplýsingar er þar að hafa. Að sögn rektors er góður grunnur að stefnunni til staðar en ekki tókst að ljúka gerð hennar á skólaárinu 2013–2014.

⁴ Ratsjá: skólanámskrá Menntaskólans við Sund skólaárið 2013–2014. (2013).

⁵ Stefna skólans. (2010).

2.2.2 Mannréttindastefna

Mannréttindastefna MS byggir á ákvæðum í stjórnarskrá Íslands, mannréttindasáttmála Evrópu frá 1950 og Alþjóðasamningi Sameinuðu þjóðanna um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi frá 1966. Í henni segir að innan skólans sé „þess gætt að nemendum og starfsfólki sé ekki mismunað eftir uppruna, þjóðerni, litarhætti, kynferði, kynhneigð, fjárhag, tungu, trúarbrögðum, stjórnmalaskoðunum eða öðru.“ Þá segir einnig að veitt sé „fræðsla um mannréttindamál þar sem lögð verður áhersla á fjölmenningsleg samfélag á Íslandi“ og að mannréttindaáætlunin sé „unnin í samstarfi við starfsfólk og nemendur skólans.“⁶

2.2.3 Jafnréttisstefna

Í jafnréttisstefnu MS segir að hún taki til jafnréttis kynjanna en síðan er bæði vísað til mannréttindastefnu skólans um aðra þætti jafnréttis og jafnréttisáætlunar sem ætlað er að fylgja stefnunni eftir. Svo segir um stefnuna:

- Markmiðið er að stuðla að jafnrétti kynjanna í skólanum, jöfnum tækifærum, áhrifum og virðingu karla og kvenna, bæði meðal starfsmanna og nemenda.
- Grunnildir skólans eru virðing, jafnrétti, ábyrgð og heiðarleiki. Gildin skulu endurspeglast í öllu starfi skólans og samskiptum einstaklinga.
- Vinna á að jafnrétti til menntunar og stuðla að því að allir nýti hæfileika sína og krafta sem best án hamlandi áhrifa hefðbundinna kynjaímynda.
- Veitt verður fræðsla um jafnréttismál.
- Fjölbreyttar kennsluáferðir verða notaðar í öllum námsgreinum til að höfða til beggja kynja.
- Nemendur eiga jafnan aðgang að þjónustu skólans og styrkja skal jákvæð samskipti og gagnkvæma virðingu kynjanna í skólastarfinu.
- Áhersla er lögð á góða líðan. Allir eiga rétt á því að komið sé fram við þá af virðingu og þeir sæti ekki kynferðislegri áreitni, einelti eða öðru ofbeldi.
- Stuðlað verður að jafnrétti í félagslífi nemenda, m.a. með gæðaeftirliti og kynjuðu gæðamati á útgáfu efnis.
- Jafnréttisáætlun er unnin í samstarfi við starfsfólk og skólaráð skólans og er endurskoðuð annað hvert ár.⁷

Á heimasíðu er árlega birt aðgerðaáætlun í jafnréttismálum. Í þeirri sem nú er á heimasíðu skólans segir meðal annars að vinna eigi að tölulegum upplýsingum um stöðu kynjanna innan skólans og það hvar jafnréttisfræðsla og umræða um jafnrétti fer fram í kennslu og námsgreinum; að halda beri jafnréttisdag a.m.k. einu sinni á skólaári þar sem hefðbundin kennsla er brotin upp; að halda eigi fræðslufundi um jafnrétti og samskipti kynjanna. Þá eru kennarar og stjórnendur hvattir til að skoða öll málefni út frá sjónarhóli bæði karla og kvenna. Loks er sett fram endurskoðunarákvæði.⁸

Í skólanámskrá 2013–2014 segir þessu til viðbótar að kynferðisáreitni sé ekki liðin í skólanum og reynt sé með öllum tiltækum ráðum að koma í veg fyrir að hún geti átt sér stað.⁹

2.2.4 Forvarnarstefna

Forvarnarstefna MS miðar að því „að auka vellíðan nemenda, styrkja sjálfstraust, ýta undir jákvæða lífssýn og heilbrigða lífshætti og efla félagsþroska og sjálfsvirðingu.“¹⁰ Stefnan

⁶ Mannréttindastefna. (2006).

⁷ Jafnréttisstefna. (2013).

⁸ Aðgerðaáætlun um jafnréttismál. (2013).

⁹ Ratsjá. (2013), bls. 13.

¹⁰ Forvarnarstefna. (2012).

beinist mikið að því að stemma stigu við notkun áfengis, tóbaks og annarra vímuefna í húsum skólans, á lóð hans og í ferðalögum á vegum skólans ellegar á skólasamkomum. Áréttað er að einelti sé ekki liðið og sagt að áhersla sé á upplýsingastreymi um heilbrigða lífshætti. Forvarnarfulltrúi skipuleggur forvarnar- og fræðslustarf í samvinnu við alla hlutaðeigandi. Loks segir að forvarnaáætlun sé unnin í samstarfi við starfsfólk og nemendur skólans en áætlunarinna sér hins vegar hvergi stað á heimasíðu skólans.

2.2.5 Aðgerðaáætlun vegna eineltismála

Skólum bera að setja fram aðgerðaáætlun vegna eineltis og MS birtir sína áætlun með öðrum stefnuskjölum. Þar er einelti skilgreint og stuttar upplýsingar um forvarnir gegn því innan skóla. Einnig er rakið hver hlutverk nemenda, kennara, námsráðgjafa, kennslustjóra og annarra starfsmanna eru þegar eineltismál koma upp eða grunsemdir um þau vakna.¹¹

2.2.6 Umhverfisstefna

Menntaskólinn við Sund hefur það að markmiði að starfsemin taki mið af sjónarmiðum umhverfisverndar og sjálfbærrar þróunar. Rík áhersla er á að fylgt sé lögum og reglugerðum varðandi umhverfismál sem eiga við starfsemi skólans ásamt því að efla þekkingu og vitund fólks um málaflokkinn. Um framkvæmd stefnunnar segir að vinna skuli umhverfisáætlun í samstarfi við starfsfólk og nemendur og sérstaklega er tiltekið að namar á umhverfiskjörsviði skuli vera virkir þátttakendur við gerð umhverfisáætlunar.¹² Nýleg áætlun þeirrar gerðar er ekki finnanleg á heimasíðu skólans en yngsta skjalið sem vísað er til hvað þetta varðar er aðgerðaáætlun fyrir skólaárið 2009–2010.¹³

2.2.7 Vinnuumhverfisstefna

Stutt stefnuskjal nefnist vinnuumhverfisstefna. Þar segir að skólinn vilji að aðbúnaður og vinnuumhverfi starfsmanna og nemenda sé ætíð með því besta sem þekkist. Skólinn leggur áherslu á að vinnuumhverfið uppfylli ætíð gildandi reglur um vinnuumhverfismál. Til þess að tryggja framkvæmdina er ráðinn verkefnisstjóri um vinnuumhverfismál sem hefur sérskipaða nefnd sér til aðstoðar. Vinnuumhverfisstjóra ber að skila rektor árlega tillögum að aðgerðaáætlun í vinnuumhverfismálum.¹⁴

2.2.8 Viðbragðsáætlun vegna áfalla og sorgaratburða

Áfallateymi starfar í MS í samræmi við viðbragðsáætlun vegna áfalla og sorgaratburða sem er vistuð á vefsíðu skólans. Rektor er formaður teymisins og kallar það saman þegar þörf krefur. Hann er jafnframt sá aðili innan skóla sem fyrst er haft samband við vegna válegra tíðinda. Skólinn hefur samið við prest, lækni og áfallafulltrúa hjá Rauða krossinum um að vera til taks ef á þarf að halda.¹⁵

2.3 Markmið og aðgerðir 2013–2014

Meðal stefnuskjala Menntaskólans við Sund er áætlun um markmið og aðgerðir á skólaárinu 2013–2014.¹⁶ Þar segir að meginmarkmiðin séu fjögur:

¹¹ *Aðgerðaáætlun vegna eineltismála*. (2013).

¹² *Umhverfisstefna*. (2012).

¹³ *Aðgerðaáætlun 2009–2010*. (2009).

¹⁴ *Vinnuumhverfisstefna*. (2012).

¹⁵ *Stefna um viðbrögð gegn áföllum*. (2013); Hjördís Þorgeirsdóttir. (2014). Bréf til úttektaðila, dags. 25.6.

¹⁶ *Stefna Menntaskólans við Sund: markmið og aðgerðir 2013–2014*. (2013).

- **Móta sameiginlega skólasýn.** Til að ná þessu markmiði eru tilgreind sjö skref:
 - Hafa samræður um grunngildi MS og hvernig þau nýtast í skólastarfi.
 - Útfæra skólareglur í samræmi við grunngildin.
 - Móta starfsmannastefnu.
 - Sveigjanleiki í skólastarfi – lotubundið bekkjarkerfi.
 - Móta styttri námsbraut.
 - Setja áfangalýsingar í námsskrárgrunn mennta- og menningarmálaráðuneytis.
 - Rýnihópur nemenda um nýja skólanámskrá.
- **Auka ábyrgð nemenda í námi.** Til að ná þessu markmiði eru tilgreind sjö önnur skref án þess að þeim fylgi nánari skýringar:
 - Námsaðferðir.
 - Lestur.
 - Heiðarleg vinnubrögð.
 - Samvinnunám.
 - Samræðuform.
 - Virk þátttaka nemenda.
 - Mæting.
- **Styrkja skólasamfélagið.** Til að ná þessu markmiði eru enn tilgreind sjö ný skref:
 - Greina nemendur í brotthvarfshættu og kanna orsakir brotthvarfs.
 - Efla áfram lýðræðisleg vinnubrögð m.a. með samráði við stjórn Sundamanna og Vogaskóla.
 - Efla MS sem heilsueflandi skóla með áherslu á geðrækt.
 - Hvetja starfsmenn og nemendur til vistvænni ferðamáta.
 - Móta móttökuáætlun fyrir nemendur af erlendum uppruna.
 - Vinna gögn og funda um rekstur og sparnaðaraðgerðir.
 - Halda fund í áfallateymi og kynna stefnu skólans um viðbrögð við áföllum.
- **Efla jafnrétti kynjanna.** Til að ná þessu markmiði eru skilgreind sjö síðustu skrefin:
 - Kenna valgrein um kynjafræði.
 - Rannsaka kjör starfsmanna MS m.a. með tilliti til kynbundins launamunar.
 - Starfendarannsóknir um jafnrétti kynjanna.
 - Halda jafnréttisdag á vorönn 2014.
 - Kynjað gæðamat á útgáfuefni nemendafélagsins.
 - Afla upplýsinga um hvar umfjöllun um jafnrétti kynjanna fer fram innan námsgreina.
 - Kennarar vinna þróunarverkefni til að finna leiðir til að efla jafnrétti kynjanna. meðal nemenda.

Glöggt má sjá samsvörun með þessari áætlun og stefnuskjölunum sem nefnd hafa verið hér að framan og mikil samsvörun og svipuð framsetning er í viðauka með skólasamningi 2013.¹⁷ Unnið er að öllum þessum markmiðum og af sjálfsmatsskýrslu 2012–2013 má sjá að vinnan var þá þegar komin mjög vel af stað.¹⁸

2.4 Bókasafn

Í MS er starfandi skólabókasafn og upplýsingamiðstöð svo sem lög gera ráð fyrir og þjónar það nemendum, kennurum og öðru starfsfólki. Þar er efni sem tengist kennslu og annarri starfsemi. Stefnan er að gögn nýtist sem best. Notendur utan skóla hafa einungis lágmarksaðgang, þ.e. safnið lætur í té aðstöðu fyrir utanaðkomandi aðila til að vinna með gögn á staðnum og/eða að hægt er að fá viðkomandi gögn í millisafnaláni. Ítarlega er fjallað um safnið í skólanámskrá og á heimasíðu þess eru miklar og góðar upplýsingar.

Núverandi húsnæði safnsins er um 140 fermetrar, lesaðstaða er fyrir um 40 nemendur í senn, nokkur sæti eru við að skoða nýjar bækur og ný tímarit og vinnuaðstaða er við sex

¹⁷ *Skólasamningur MS.* (2013).

¹⁸ *Sjálfsmatsskýrsla 2012–2013.* (2013), bls. 7–25.

tölvur.¹⁹ Húsnæðið er bjart en þröngt og nemendatölvur gamlar. Safninu er ætlað nýtt, stærra og mun betra rými í nýbyggingu skólans.

Um árabíl voru tvö stöðugildi á bókasafninu, síðan var fækkað um hálf og frá síðustu áramótum (2013/2014) er forstöðumaður þess eini starfsmaðurinn.

2.5 Tölvur og upplýsingatækni

Í skólanum er þráðlaust netkerfi og allar kennslustofur eru búnar tölvu og skjávarpa. Því til viðbótar eru bæði opin tölvurými til afnota fyrir nemendur og sérstakar tölvustofur. Þar af ein sem ætluð er sérstaklega til tölvukennslu. Reglur um umgengni um tölvurnar eru í tölvustofum, á bókasafni og á göngum þar sem vélarnar eru en þær eru ekki sýnilegar á vef skólans.

Nemendur með fartölvur geta fengið aðgengi að þráðlausa netinu. Þeir fylla út umsókn þar um og umsjónarmaður tölvumála athugar þá vél þeirra og heimilar aðgang ef öryggismál eru í lagi. Ekki er unnt að komast inn á netkerfi skólans án þess að umsjónarmaður hafi fyrst skoðað viðkomandi tölvu. Undanfarin ár hafa verið ýmis vandkvæði á þráðlausa netinu og illa gengið að ná sambandi hvarvetna í húsum skólans. Rektor segir hins vegar að endurnýjun þráðlausa kerfisins sé að mestu lokið, aðeins sé eftir að flytja einn sendi í Þrísteini á heppilegri stað og bæta einum við í eldri byggingum. Fagstjórar segja að bágar nettengingar hafi verið hamlandi og að umræða um notkun tæknimiðla í kennslu hafi markast af fjárskorti. Það vanti fé til viðhalds tölva og tölvukerfis skólans, kaupa á forritum o.fl.

Skólinn býður nemendum og starfsfólki aðstoð vegna tölvunotkunar og er hún í höndum tölvuumsjónarmanna sem annast alla almenna notendapjónustu. Út í frá er skólinn í samstarfi við Nýherja sem sér um rekstur tölvukerfis skólans.²⁰

2.6 Náms- og starfsráðgjöf

Námsráðgjafar eru trúnaðarmenn nemenda og í MS eru þeir tveir. Hlutverk þeirra er að sinna nemendum á faglegan hátt í námi þeirra og einkamálum. Ráðgjöfin er veitt í trúnaði við nemendur og hún skiptist milli námsráðgjafar og persónulegrar ráðgjafar út frá heildarsýn á aðstaður einstaklingsins. Ráðgjafinn getur einnig haft milligöngu um tilvísanir á sérfræðiaðstoð. Jafnframt er veitt hópráðgjöf, s.s. í sjálfsstyrkingu og prófkvíða. Foreldrum, forráðamönnum, kennurum, skólastjórnendum og öðrum er velkomið að nýta sér ráðgjöfina.

Skólakynningar eru hluti af starfi námsráðráðgjafa auk þess sem hann annast upplýsingamiðlun til nemenda, einkum þeirra sem eru að ljúka námi við skólann.²¹

2.7 Mötuneyti

Mötuneyti nemenda í MS er rekið af fyrirtækinu Kaffi Garður ehf. Þar er boðið upp á ýmis konar léttan mat, svo sem brauðmeti, mjólkurmat, kalda drykki og heitar súpur.²² Aðstaðan er mjög þröng og ekki sæti nema fyrir lítinn hluta nemenda í senn. Afleiðingin er meðal annars slök umgengni á ganginum framan við. Mötuneytinu er ætluð ný og rúmbetri aðstaða í nýbyggingu skólans.

Annað lítið starfsmannamötuneyti hefur verið rekið af sama aðila við hlið kaffistofu starfsmanna en sú aðstaða mun einnig gjörbreytast við flutning í nýtt húsnæði.

¹⁹ *Bókasafn og upplýsingamiðstöð*. (2013).

²⁰ *Tölvu- og tækjaaðstoð*. (2012).

²¹ *Námsráðgjöf*. (2013).

²² *Mötuneyti nemenda, Kattholt*. (2012).

2.8 Skrifstofa

Á skrifstofu MS starfa skrifstofustjóri, fjármálastjóri og þjónustufulltrúi. Skrifstofustjóri skipuleggur starfsemina og stýrir verkefnum sem undir skrifstofuna falla. Hann veitir almennar upplýsingar um skólann og þjónustu sem er í boði, tekur við tilkynningum um veikindi nemenda og starfsmanna og gefur út vottorð. Hann hefur umsjón með einkunna- og fjarvistabókhalda. Fjármálastjóri vinnur með rektor að áætlanagerð, sér um launamál, tölvubókhalda og dagleg fjármál. Hann leiðbeinir nemendafélaginu um fjármál þess. Þjónustufulltrúi sinnir almennum skrifstofustörfum.

Til skrifstofunnar teljast einnig stjórnendur skólans, þ.e. rektor, konrektor og kennslustjóri. Starfslýsingar allra þessara eru á vef skólans.²³

2.9 Mat úttektaraðila

- Núverandi húsnæði skólans er að mörgu leyti óhentugt, meðal annars vegna þess að húsin eru byggð á mismunandi tímum en ekki hugsuð sem ein heildarmynd. Úr verður væntanlega bætt með byggingunni sem nú rís en yfirstandandi framkvæmdir valda mikilli tímabundinni röskun fyrir nemendur sem starfsfólk.
- Stefnuskjöl skólans eru að jafnaði markviss og skýr en sums staðar er ósamræmi á milli þess sem sagt er í skólanámskrá og á heimasíðu. Það þarf að laga.
- Endurskoða þarf tölvumál skólans frá grunni.
- Bókasafn skólans er undirmannað og brýnt að auka starfshlutfall þar að nýju.
- Námsráðgjöf er vel sinnt.
- Mötuneytisaðstaða nemenda er ófullnægjandi.
- Erfitt er að leggja sanngjarnt mat á ýmsa þætti í ytra umhverfi skólans vegna þeirra aðstaðna sem ríkja meðan nýframkvæmdir við húsnæði hans standa yfir.

²³ Skrifstofa. (2013); *Helstu starfssvið við skólann*. (2013).

3 Nám og kennsla

Í gildandi skólasamningi Menntaskólans við Sund við mennta- og menningarmálaráðuneyti segir að skólanum sé ætlað að undirbúa nemendur fyrir nám á háskólastigi og til þátttöku í Lýðræðissamfélagi. Síðan segir um sérstakar áherslur MS:

- „Skólinn leggur áherslu á menningu, sögu og náttúrulæsi í öllum námsgreinum og sérstaka áherslu á að efla umhverfisvitund nemenda.“
- „Áhersla er á þátttöku, virkni og sköpun nemenda í gegnum verkefnaþætti nám í Lýðræðislegu skólaumhverfi.“
- „Nemendur rækti með sér læsi í víðum skilningi, gagnrýna hugsun og ábyrgðarkennd bæði gagnvart námi sínu og sem virkir þjóðfélagsþegnar.“
- „Fjölbreytni er í fyrirrúmi í kennsluáferðum, námsáferðum og námsmatsáferðum ... og áhersla á samþættingu viðfangsefna á sviði menningar, sögu og náttúrulæsis.“²⁴

Þá segir einnig í samningnum að stefnt sé að því að taka upp lotubundið bekkjarkerfi samhliða innleiðingu nýrrar skólanámskrár skólaárið 2015–2016. Með lotubundna kerfinu er ætlunin að halda „í kosti bekkjarkerfisins um að veita félagslegan stuðning, hlýlegt andrúmsloft og vellíðan í skólanum en með lotunum er sveigjanleikinn í náminu aukinn og nemendur fá meira svigrúm til að skipuleggja og velja sérhæfingu bæði innan og á milli námsbrauta.“ Við innleiðingu nýrrar skólanámskrár er jafnframt ætlunin að leggja núverandi námsbrautir niður og bjóða tvær nýjar til stúdentsprófs, samfélagsbraut og náttúrubraut. Um leið „verður mótuð styttri námsbraut til framhaldsskólaprófs fyrir nemendur sem ekki uppfylla skilyrði inn á stúdentsnámsbrautir.“

Yfirlýst markmið skólans er að bjóða nemendum aðeins það besta, góða þjónustu og fyrsta flokks nám óháð því á hvaða námsbraut þeir eru. Áhersla er lögð á verkefnatengt nám og virkni nemenda. Þessum markmiðum vill skólinn meðal annars ná með því að virkja frumkvæði nemenda og starfsmanna; með góðri kennslu og fjölbreyttum náms- og kennsluháttum; með nýtingu upplýsingatækni; með góðum tækjakosti; með bekkjarkerfi þar sem nemendur sækja flestar kennslustundir með sínum bekk; með samvinnu við fyrirtæki og stofnanir; með öflugu þróunarstarfi og símenntun starfsmanna innan og utan starfstíma skóla. Nemendur eiga að fá faglega ráðgjöf og góðan undirbúning fyrir háskólanám og hvatt er til alþjóðlegs samstarfs nemenda og kennara. Starfsfólk er hvatt til þátttöku í fagfélögum innan faggreina og í kennslufræði auk samstarfs innan og milli fagdeilda skólans.

Að þessu sögðu gerir skólinn eftirfarandi kröfur til brautskráðra nemenda:

1. Nemendur hafi víða almenna þekkingu en jafnframt trausta yfirlitsþekkingu á kjörsviði. Það felur í sér að nemendur:
 - a. Séu vel að sér um bókmenntir og listir og kunni að njóta þeirra.
 - b. Þekki réttindi sín og skyldur sem þegnar Lýðræðisríkis.
 - c. Séu vel að sér um umhverfismál og meðvitaðir um ábyrgð sína gagnvart lífríkinu.
 - d. Séu meðvitaðir um rætur íslenskrar menningar, sérstöðu Íslands, stöðu þess í alþjóðasamfélaginu og ábyrgð gagnvart því.
2. Nemendur hafi víða sýn á samfélagið sem auðveldar þeim náms- og starfsval.
3. Nemendur uppfylli skilyrði til framhaldsnáms á háskólastigi.
4. Nemendur hafi tamið sér öguð vinnubrögð og hæfni til að takast á við ný viðfangsefni. Það felur í sér að nemendur:
 - a. Hafi gott vald á íslensku máli, bæði í ræðu og riti.

²⁴ Skólasamningur MS. (2013).

- b. Hafi mjög góða færni í ensku og færni í a.m.k. tveimur öðrum evrópskum tungumálum.
 - c. Geti unnið sjálfstætt og skipulega að verkefnum.
 - d. Geti unnið með öðrum.
 - e. Geti af eigin rammleik aflað upplýsinga á margvíslegan hátt, t.d. otað bókasöfn, ýmis uppflöttirit og tölvunet.
 - f. Geti kynnt efni munnlega og skriflega.
 - g. Geti beitt þekkingu sinni á ný viðfangsefni.
 - h. Geti veitt og þegið uppbyggilega gagnrýni.
 - i. Geti rökstutt hugmyndir sínar.
5. Nemendur beri virðingu fyrir sjálfum sér og öðru fólki, óháð skoðunum þess, trú og útliti, svo og umhverfi sínu og hafi tamið sér góða framkomu svo sem skilvísi, stundvísi og almennt að sýna öðrum kurteisi í starfi og leik.
6. Nemendur hafi trú á hæfileikum sínum og geri sér ljóst að þeir bera sjálfir ábyrgð á námi sínu.²⁵

3.1 Skólanámskrá

Í 22. grein laga um framhaldsskóla segir að sérhver framhaldsskóli skuli gefa út skólanámskrá sem skiptist í almennan hluta og námsbrautarlýsingar. Í almennum hluta skal gerð grein fyrir starfsemi skólans, helstu áherslum og stefnumörkun, stjórnskipan, námsframboði og skipulagi náms, kennsluháttum, námsmati, stuðningi, ráðgjöf og þjónustu við nemendur, réttindum og skyldum nemenda, foreldrasamstarfi og samstarfi við utanaðkomandi aðila, sjálfsmati og gæðamálum og öðru sem skóli kýs að kveða á um. Jafnframt skal skóli gera grein fyrir því hvernig hann uppfyllir skilyrði samkvæmt almennum hluta aðalnámskrár framhaldsskóla og markmið laga og reglna sem settar eru með stoð í þeim. Skólanámskrá skal staðfest af skólanefnd að fenginni umsögn skólafundar.²⁶

Skólanámskrá MS, *Ratsjá*, er að stofni til tvískipt skjal. Í fyrri hluta hennar er almenn lýsing á skólanum, starfslýsingar helstu starfa innan skóla og greint frá stjórnun hans, námsskipulagi og þjónustu, birt eru stefnuskjöl sem fyrir er frá greint í þessari skýrslu, skólareglur, upplýsingar um félagslíf nemenda, innritunargjöld og fleira. Í síðari hlutanum eru námsbrauta- og áfangalýsingar. Almennur hluti Ratsjár 2013–2014 er byggður að hluta til á *Aðalnámskrá framhaldsskóla* frá 2011 og nýjum lögum um framhaldsskóla frá 2008 en að hluta til er byggt á *Aðalnámskrá fyrir framhaldsskóla* frá 1999–2000, t.d. hvað varðar ýmis ákvæði um bekkjarskóla og reglur um námsmat í bekkjarskólum. Námskipan og áfangalýsingar byggja alfarið á aðalnámskránni frá 1999–2000.²⁷ Skólanámskráin er aðgengileg og auðvelt að rata um hana út frá efnisyfirliti.

Í viðauka með skólasamningi segir að nýja skólanámskrá skuli taka í gildi skólaárið 2015–2016. Þar eru jafnframt tilgreindar aðferðir við gerð nýrrar skólanámskrár. Þar er m.a. tilgreint að semja skuli áfangalýsingar í nýja námskrá og setja í námskrárgrunn fyrir haustið 2014, stofna rýnihóp nemenda um námsmat á vorönn 2013, stofna rýnihóp nemenda um nýja skólanámskrá á haustönn 2013 og semja almennan hluta nýrrar skólanámskrár fyrir árslok 2014.


²⁵ *Ratsjá*. (2013), bls. 15.

²⁶ *Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008*.

²⁷ *Ratsjá*. (2013), bls. 9.

3.2 Námsbrautir

Námsbrautir í MS eru tvær, félagsfræðabraut og náttúrufræðabraut. Þær greinast síðan niður á kjörsvið eins og sést á mynd 1.



Mynd 1: Yfirlit yfir námsbrautir og kjörsvið í MS 2013–2014.²⁸

Málabraut, sem enn er á þessari mynd, var áður þriðja brautin en hefur ekki verið í boði síðan 2009. Að sögn rektors var hætt að bjóða upp á hana vegna dræmrar aðsóknar en í kennarahópnum virðist sammæli um það að við brotthvarf hennar hafi námsframboð misst mikilvæga vídd og þrengst verulega. Þeir sem lengst ganga fullyrða að með lokun brautarinnar hafi skólinn orðið fyrir hastarlegri blóðtöku sem ekki sjái fyrir endann á.

Námsframboð MS er mörgum starfsmanna hans ofarlega í sinni og í rýnihópi kennara varð hreinskiptin umræða um meint stefnuleysi skólans í því efni. Lokun málabrautarinnar sé aðeins eitt dæmi af mörgum þar sem ákvarðanir hafa verið teknar af skólastjórnendum án samráðs við kennara og lítil sem engin umræða fari fram um það hvert skólinn stefnir ellegar hvert hann vill stefna. Á árum áður hafi MS lagt mikla áherslu á náttúrufræðigreinar og viljað verða móðurskóli í þeim efnum. Það sé liðin tíð og metnaður til þess að skara fram úr á ákveðnum sviðum sé ekki lengur til staðar. Það hafi síðan bein áhrif á það hverjir óska skólavistar. Nú sé svo komið að svo fáir nemendur velji eðlisfræðikjörsviðið innan náttúrufræðibrautar að erfitt sé að halda því úti og jafnvel rætt um að leggja það niður eða breyta því.

Rektor er þessu ekki sammála. Hann bendir á að stjórnendur hafi leitt umfangsmikla vinnu (sem öllum starfsmönnum skólans gafst kostur á að taka þátt í) um námsframboð, áherslur, kennslu og markmið á árunum 2005–2010 og gaf af sér nýtt kerfi (lotubundið bekkjarkerfi), nýjar námsbrautir (náttúrubraut og samfélagsbraut) og nýja áfanga. Sú vinna hafi verið kveikjan að því að skólinn fór í úrslit í vali á ríkisstofnun til fyrirmyndar 2008. Í skóla af stærðargráðu MS séu og verði alltaf skiptar skoðanir um hvert skuli stefna. Að hans sögn er það stefna skólans að reyna að þjóna betur stærra hlutfalli þeirra nemenda sem sækja í skólann. Óbreytt kerfi geri því erfitt um vik að koma til móts við þann hluta nemenda sem

²⁸ Ratsjá. (2013), bls. 41.

rekst illa í hefðbundnu bekkjarkerfi. Því vilji stjórnendur og fjölmargir aðrir starfsmenn breyta.²⁹

Skiptingu nemenda á námsbrautir árin 2008–2013 má sjá í töflu 1.

Tafla 1: Skipting nemenda á námsbrautir 2008–2009 eftir kynjum.

Ár	Karlar			Konur			Alls
	Félagsfr.	Málabr.	Náttúrufr.	Félagsfr.	Málabr.	Náttúrufr.	
2008	163	20	191	145	74	151	744
2009	180	15	179	172	73	152	771
2010	178	14	211	189	54	153	799
2011	172	12	198	203	34	150	769
2012	167	6	207	213	17	150	760
2013	170	0	209	228	0	134	741

Tölurnar spegla athyglisverða breytingu sem varð samhliða því að hætt var að innrita nemendur á málabraut. Nemendur hennar voru 12,6% nemendahópsins alls árið 2008, á náttúrufræðibraut voru þá 46% og á félagsfræðibraut 41,4%. Hlutfall náttúrufræðibrautar var enn hið sama árið 2013 en líta má svo á að félagsfræðibrautin hafi tekið til sín alla málabrautina og hlutdeild hennar vaxið sem henni nemur. Um leið hefur félagsfræðibrautin orðið að meirihluta til kvennabraut enda var málabrautin meira sótt af stúlkum en drengjum meðan hennar naut við.

Stefnt er að því að stofna almenna námsbraut við skólann sem taki til starfa haustið 2015. Það er bæði gert til þess að mæta eftirspurn en einnig að eindreginni kröfu ráðuneytis. Reiknað er með að þetta verði allt að tveggja ára námsbraut og með opnun hennar skapast möguleikar á hægferðaráföngum sem ekki hafa verið til staðar til þessa. Með stofnun brautarinnar verður mögulegt að koma betur til móts við nemendur þar sem þeir eru staddir í námi sínu, hver og einn.

Annað nýmæli er lotubundið bekkjarkerfi sem stefnt er að því að taka upp skólaárið 2015–2016.³⁰ Umræða um það er um það bil eins áratugar gömul og mikið var unnið að mótun kerfisins fyrir hrúnið 2008. Árið 2010 var allt sett í frost um sinn. Mjög skiptar skoðanir eru um það innan kennarahópsins hvort rétt sé að fara í þessa átt og í rýnihópi þeirra kom fram skýr krafa um að ítarleg fagleg umræða fari fram að nýju innan skólans áður en lengra verður gengið.

Samhliða er rætt um hvernig standa skuli að styttingu náms til stúdentsprófs. Hún og endurskipan námsbrauta fela í sér faglegra byltingu að mati rektors sem felst í allt annarri faglegri nálgun gagnvart nemendum. Grunnhugsunin er sú að neminn hafi mun meira um nám sitt að segja, ráði miklu meira um hvað hann lærir. Um helmingur af náminu verður bundinn í kjarna, nemendur velja sér sérsvið og námsgrein til dýpkunar. Skólinn tryggir á móti að ákveðið hlutfall af náminu sé á tilteknu hæfnisviði. Breytingin kallar á markvissa námsráðgjöf. Að sögn rektors vinna stjórnendur að því að endurskoða hugmyndir og freista þess að fækka framhaldsskólaeiningunum (fein) niður í 200 og jafnvel 180 fein. Að hans mati getur með þessu skapast leið til að styrkja tungumálanám að nýju. Lotubundið bekkjarkerfi hafi líka í för með sér ýmsa félagslega kosti. Hugsunin er að nemandinn tilheyri ákveðnum hópi, bekkjarfélögum, en í lotum deilist hópurinn upp. Nemendur verða með miklu færri námsgreinar undir í einu og ljúka námi í þeim eða áfanga á tiltölulega skömmum tíma. Síðan tekur annað nám við. Kennslufyrirkomulagið býður upp á aukna dýpt og nemandi getur

²⁹ Már Vilhjálmsson. (2014).

³⁰ *Skólasamningur MS*. (2013).

einbeitt sér að sama viðfangsefninu. Það ætti að draga úr álagi í námi og getur einnig leyst vanda bekkjarskóla er lýtur að fámennum áföngum þegar líður á skólagönguna.

3.3 Kennsluhættir

Ekki er fjallað um kennsluhætti í skólanámskrá MS eins og lög³¹ kveða á um að sé gert en sérstakur kafli er um námsmat. Fagstjórar segja kennara vera sjálfráða um kennsluaðferðir en nokkur umræða um þær fari ævinlega fram manna á milli og reynt sé að samræma milli þeirra sem kenna sama námsefni. Þeir benda einnig á að reynt hafi verið að koma á samþættingu og samvinnu á milli námsgreina og nefna þar sérstaklega til sögunnar ensku-stærðfræði, ensku-félagsfræði, sögu-erlend tungumál, félagsfræði-hagfræði. Á vef skólans segir til dæmis frá nýlegu samstarfsverkefni af þessu tagi milli sögu og dönsku.³²

Náms- eða kennsluáætlanir eru ekki nefndar í skólanámskrá MS umfram það sem segir í starfslýsingum fagstjóra og kennara. Kennarar gera þær að jafnaði fyrir sína kennslu en í smærri deildum gerir fagstjóri þær og er ábyrgur fyrir því að þær séu í lagi. Í námskránni segir um fagstjóra að þeir hafi „umsjón með kennslu og námsefni í einstökum námsgreinum eða námsgreinaflokkum. Þeir velja kennslubækur og ákveða yfirferð námsefnis og gerð námsáætlana í samráði við aðra kennara. Þeir hafa eftirlit með gerð prófa og námsmati ásamt því að halda uppi tengslum við fagstjóra í öðrum skólum.“ Um kennara segir að þeir sinni „kennslu og námsmati í sínum greinum, skipulagningu og þróun námsgreina og gerð námsáætlana.“³³ Samræmt form er á kennsluáætlunum og gátlisti hefur lengi verið til innan skóla um það sem þar þarf að koma fram. Eftir honum fara flestir kennarar.

Samræmt form er á kennsluáætlunum og fara flestir eftir því að mati fagstjóra. Allar kennsluáætlanir eiga að fara inn á námsnetið og eiga fagstjórar að fylgjast með því að það sé gert. Þeir segjast hins vegar ekki hafa neitt formlegt eftirlit með því hvort áætlun hefur skilað sér á námsnetið, þeir treysti kennurum sem fagmönnum. Námsáfangar færast í sumum deildum á milli kennara í stað þess að sami kennari kenni sama áfangann ár eftir ár. Annars er það samkomulagsatriði. Fólk getur lagt fram óskir um áfanga og þá er það rætt í kennarahópnum og leyst í góðri samvinnu.

Talsvert verið rætt um notkun nútímatækni innan skólans m.a. í starfendarannsóknarhópi sem hefur miðlað hugmyndum sínum til annarra. Umræðan er þó ekki skipuleg og notkun tæknimiðla í kennslu strandar alltof oft á kunnáttu kennara. Í sjálfsmatsskýrslu 2012–2013 kemur fram að tíu kennarar hafi unnið að þróun samvinnunámsaðferða í kennslu í nokkrum kennslugreinum.

Fagstjórar lýsa eftir meiri og markvissari umræðu um uppbyggingu og notkun tæknibúnaðar við nám og kennslu í skólanum. Þeir segja geðþótta stjórnenda stundum ráða för en ekki þarfagreiningu meðal kennara. Þeir nefna sem dæmi snjalltöflur í kennslustofum er keyptar hafi verið fyrir ærna fjármuni en viðhald sé lítið og fyrir vikið eru allmargar taflnanna óvirkar eða jafnvel ónýtar. Rektor segir að settar hafi verið snjalltöflur í tíu kennslustofur á sínum tíma að ósk kennara og töluverður áhugi hafi reynst fyrir notkun þeirra. Haldin voru námskeið fyrir fyrir þá sem þess óskuðu auk þess sem skólinn styrkti nokkra kennara sérstaklega til að vera leiðtoga í innleiðingu nýjungarinnar. Staðreyndin sé hins vegar sú að heldur hefur fjarað undan notkun taflnanna og þar skipt tæknimál og viðhald örugglega máli.³⁴

³¹ Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008, gr. 22.

³² Kristján 4. – valgrein haustönn 2012. (2012).

³³ Ratsjá. (2013), bls. 18.

³⁴ Már Vilhjálmsson. (2014).

3.3.1 Námsmat

Alllangur kafli um námsmat er í skólanámskrá MS (bls. 31–36). Í honum er einkum fjallað um prófreglur og próftímabil, einkunnir og grundvöll þeirra, lágmarkskröfur eftir námsárum, skilgreiningar á hugtökum, birtingu einkunna og varðveislu prófúrlausna. Hvorki er fjallað um hlutverk námsmats né mismunandi námsmatsaðferðir og engin sérstök stefna kemur fram af hálfu skólans í þeim efnum umfram það sem kemur fram í skilgreiningum á mismunandi einkunnum. Þar segir t.d. um námseinkunn:

Námseinkunn byggir á mati kennara á vinnu nemenda yfir skólaárið, þ.e. frammistöðu í verkefnum, ritgerðum, skyndiprófum og skýrslum og mati á vinnubrögðum, skólasókn, ástundun og virkni nemenda í kennslustundum. Allir nemendur, bæði með reglulega skólasókn og án skólasóknar fá námseinkunn. Námseinkunn er gefin sem sérstök einkunn í stúdentsprófsgreinum. Jafnframt vegur hún 50% í lokaeinkunn hvernar stúdentsprófsgreinar. Í þeim tilvikum sem námsgrein er aðeins kennd eina önn byggir námseinkunn á mati á vinnu yfir önnina. Birtast á einkunnablöðum í lok hvernar annar og stúdentsprófskírteini.³⁵

Síðan segir um prófseinkunn að annarpróf séu haldin í lok hvernar námsannar og að þau geti vegið 50–90% af annareinkunn. Af þessu má ráða að námskeiðum verði ekki lokið án þess að setja lokaeinkunn hvernar annar saman úr tveimur eða fleiri námsmatsþáttum. Fleiri skilgreindar reglur eru í námskránni um aðaleinkunnir, annareinkunnir, lokaeinkunnir, matseinkunnir og stúdentsprófseinkunnir og verða þeim ekki gerð skil hér.

Skólaárið 2012–2013 var unnið eftirtektarvert þróunarverkefni um námsmat sem margir kennarar tóku þátt í og gagna var meðal annars aflað meðal nemenda. Verkefnið var unnið með styrk úr Sprotasjóði og ítarleg skýrsla var unnin í lok skólaársins sem birt er á vef skólans.³⁶ Í niðurstöðukafla hennar segir (bls. 9):

Þróunarverkefnið leiddi í ljós að nemendum fellur best við símat með fjölbreyttum námsmatsaðferðum. Kennarar hafa á síðustu árum lagt aukna áherslu á símat byggt á fjölbreyttri verkefnavinnu en því miður virðist svo að símat muni frekar minnka en aukast á næstunni og gefa kennarar helst þá skýringu að álag aukist með símati sérstaklega vegna stækkandi hópa í kjölfar langvarandi niðurskurðar fjármagns til skólans. Kennarar leggja áherslu á nauðsyn þess að kenna vinnubrögð í öllum námsgreinum því yfirfærsla sé erfið fyrir nemendur. Rætt var um þörf fyrir átak í lestri – hugmynd bæði að fræðslu og þróunarstarfi næsta skólaár um lestrarátak og finna leiðir fyrir kennara að efla lestur nemenda innan hvernar námsgreinar. Áfram verður unnið að þróun fjölbreyttra námsmatsaðferða, aðlögun að nýrri aðalnámskrá er rétt að byrja, breytingar taka langan tíma í kennslustofunni.

3.4 Þróunarverkefni

Þróunarverkefni hafa lengi verið á dagskrá í MS og þar eiga starfendarannsóknir einna lengsta sögu eða frá haustinu 2005. Skólinn hefur styrkt þróunarverkefni kennara nánast frá upphafi stofnanasamninga. Um þau er vélað í samstarfsnefnd MS og félagsmanna í KÍ á hverju ári og allir samningar eru skriflegir. Fundargerðir samstarfsnefndar frá upphafi eru einnig aðgengilegar starfsfólki skólans.³⁷ Skólaárið 2013–2014 tóku samtals sautján kennarar þátt að viðbættum ráðgjafa frá Háskóla Íslands.³⁸ Afrakstur þessara verkefna hefur verið rækilega kynntur á ráðstefnum, um þær hefur verið skrifað og víða verið um þau fjallað í erindum.

³⁵ Ratsjá. (2013), bls. 35.

³⁶ Þróunarverkefni um námsmat í nýrri skólanámskrá Menntaskólans við Sund: skýrsla til Sprotasjóðs. (2013).

³⁷ Már Vilhjálmsson. (2014).

³⁸ Sjálfsmat kennara: rannsókn á eigin starfi. (2013).

Innan MS er unnið kerfisbundið að markmiðum skólastarfsins eins og þau birtast í skólasamningi. Markmiðin urðu að sögn rektors til í hugmyndafræðivinnu að nýrri námskrá. Skólinn gerir ýmislegt til að ná markmiðunum fram og á hverju ári eru teknir frá fjármunir af rekstrarfé til að styrkja skólaþróunarverkefni. Auglýst er innan skóla eftir umsóknum um styrki til verkefna þar sem áhersla er lögð á ákveðna þætti (forgangsverkefni). Stjórnendur annast úthlutun. Þrátt fyrir niðurskurð í rekstri hafa styrkirnir ekki verið skornir niður. Upphæð þeirra getur samtals verið allt að 1 m.kr. á ári í tiltekin verkefni.

Á heimasíðu skólans eru eftirfarandi þróunarverkefni talin upp sem viðfangsefni skólaárið 2013–2014:

- Boston, Aþena norðursins. Fjölbreytt verkefni og námsmat í nýrri þverfaglegri valgrein.
- Geim og goðverur, uppvakningar og vampírur. Fjölbreytt verkefni og námsmat í nýrri valgrein.
- Hæfnimiðað námsmat í þverfaglegri valgrein; Hungurleikarnir, fantasía eða raunveruleiki?
- Kynjajafnrétti í umhverfisfræði.
- Kynjuð nálgun í kennslu. Þverfaglegt samstarfsverkefni í tengslum við valgreinina Hungurleikarnir, fantasía eða raunveruleiki?
- Leiðir til að auka jafnrétti kynjanna. Þverfaglegt samstarfsverkefni.
- Nemendasjálfræði.
- Samstarfsverkefni í stærðfræði með Langholtsskóla.
- Vendikennsla í eðlisfræði.
- Vendikennsla í íslensku.
- Vendikennsla í stærðfræði.
- Þróun á prófabanka í stærðfræði með notkun tölvuforritsins LXR.³⁹

Þessi þróunarverkefni kennara fengu þróunarstyrk frá MS á haustönn 2013. Skólinn vinnur einnig að tveimur þróunarverkefnum sem styrkt voru af Sprotasjóði. Annað verkefnið fjallar um jafnrétti í MS og hefur skólinn skilað skýrslu um það. Meginmarkmið þess voru að auka jafnrétti kynjanna í MS bæði í skólastofunni og í félagslífi nemenda svo og að auka gagnkvæma virðingu í samskiptum kynjanna bæði í skólastofunni og í félagslífi nemenda.⁴⁰ Hitt þróunarverkefnið sem styrkt var af Sprotasjóði laut að mótun styttri námsbrautar sem stefnt er að því að taka upp við skólann. Þá eru kennarar í starfendarannsóknarhópnum allir að vinna að verkefnum þar sem þróunarstarf og rannsókn er tengt saman, t. d. um samræður nemenda, jafnrétti, samvinnunám, jafningjamat og fl.

3.5 Mat úttektaraðila

- Menntaskólinn við Sund hefur vel skilgreindar námsáherslur og markmið um hæfni nemenda að námi loknu.
- Skólanámskrá MS uppfyllir að mestu ákvæði laga og aðalnámskrár. Þó vantar að fjallað sé þar almennt um kennsluhætti og náms- eða kennsluáætlanir.
- Skólanámskráin er aðgengileg og auðvelt að rata um hana út frá efnisyfirliti.
- Myndrænar upplýsingar á heimasíðu skólans um námsframboð eru úreltar og villandi því þær sýna málabraut sem valkost.
- Námsframboð í MS er fremur einhæft.


³⁹ *Þróunarverkefni 2013–2014*. (2013).

⁴⁰ Hjördís Þorgeirsdóttir. (2014). *Jafnrétti í MS. Lokaskýrsla til Sprotasjóðs*.

- Mikilvægt er að fram fari skipuleg umræða innan skólans um námsframboð og skipulag náms (lotubundið bekkjarkerfi) til framtíðar.
- Kennarar hafa frjálssar hendur um kennslutilhögun, nákvæmar upplýsingar um kennsluhætti liggja ekki fyrir og ekki virðist unnið skipulega að þróun þeirra.
- Móta þarf stefnu um notkun upplýsingatækni í námi og kennslu.
- Skólinn hefur ekki skilgreinda námsmatsstefnu en unnið hefur verið að áhugaverðum þróunarverkefnum um námsmat.
- Starfendarannsóknir skipa veglegan sess í skólastarfi MS.
- Ötullega er unnið að öðrum þróunarverkefnum af starfsmönnum skólans.


4 Nemendur

Á haustönn 2013 (fyrsta október) var 741 nemandi skráður í MS, 362 stúlkur og 379 piltar. Hlutfall kynja hefur verið tiltölulega jafnt á undanförunum árum eins og sjá má á mynd 2.



Mynd 2: Hlutfallsleg kynjaskipting nemenda MS 2008–2013.

Þessi jafna skipting á milli kynja er óhefðbundin í hreinum bóknámsskólum en mun algengara er að stúlkur séu hlutfallslega fleiri en drengir. Meðalfjöldi nemenda í MS frá aldamótum er um 750 nemendur á ári og hefur tala þeirra sveiflast svolítið frá ári til árs. Þróunin á árabílinu 2008–2013 er athyglisverð í ljósi þjóðfélagsaðstæðna sem uppi voru. Á tveimur fyrstu árunum eftir hrun fjölgaði í skólanum úr 744 nemendum í 799 árið 2010 og höfðu þeir ekki verið fleiri frá aldamótum. Eftir það fór að fækka og haustið 2013 var fjöldinn orðinn nánast sá sami og var árið 2008. Á árabílinu 2008–2012 var meðalársfjöldi nemenda í MS 768,6 en í framhaldsskólum á landinu öllu var hann 11.202,4 nemendur. Ef hlutfallslegt frávik frá meðaltalinu á hverju ári er skoðað kemur í ljós að þróun nemendatölu í MS út frá miðgildi skólaáranna 2008–2012 var með dálítið öðrum hætti en á landinu öllu (mynd 3) þótt langoftast hafi færri hlotið skólavist en vildu.



Mynd 3: Þróun nemendafjölda í MS og á landinu öllu út frá miðgildi 2008–2012.

Milli áráanna 2008 og 2009 fjölgaði í framhaldsskólum á landinu öllu. Milli áráanna 2009–2010 varð síðan talsverð fækkun frá meðaltalinu sé litið til landsins í heild á meðan nemendum í MS fjölgaði verulega. Síðan þá hafa tölurnar leitað innbyrðis jafnvægis. Ekki liggur í augum uppi hvaða skýringar eru á því frávikum sem myndritið sýnir milli MS annars vegar og landsmeðaltalsins hins vegar. Rektor segir að alltaf séu einhverjar staðbundnar skýringar á sveiflum í fjölda nemenda. Gerð sé áætlun um inntöku sem byggir á fjárheimildum og mati á námsgengi þegar líður á skólagönguna, brotthvarfi, fjölda lokinna eininga o.s.frv. Þá er stundum verið að stilla af fjölda á brautum með tilliti til næstu ára og svo er mismikil pressa frá ráðuneyti varðandi inntöku. Stundum þarf að hjálpast að við að finna nemendum skólavist.⁴¹

Flestir nemendur MS árið 2013 eru á hefðbundnum framhaldsskólaaldri þ.e. 16 til 19 ára eins og sést á töflu 2.⁴²

Tafla 2: Aldursdreifing nemenda í MS árið 2013 greint eftir kynjum.

	Karl	Kona	Samtals
1993	1	3	4
1994	90	77	167
1995	77	76	153
1996	101	90	191
1997	110	115	225
1998	1	0	1
Samtals	380	361	741

Uppruni nemenda skólans er vel skráður og leiðir í ljós að skólinn er fjarri því að vera hverfissskóli eins borgarhluta í Reykjavík (tafla 3).⁴³

Tafla 3: Uppruni nemenda í MS haustið 2013.

Nemendur með lögheimili í Reykjavík:	Fjöldi	%
101 Miðbær	11	1,5
103 Núi miðbærinn	4	0,5
104 Vogar	76	10,3
105 Hlíðar	38	5,1
107 Vesturbær	3	0,4
108 Bústaðahverfi	65	8,8
109 Neðra Breiðholt	79	10,7
110 Árbær	110	14,8
111 Efra Breiðholt	23	3,1
112 Grafarvogur	113	15,2
113 Þúsaldarhverfið	27	3,6
116 Kjalarnes	7	0,9
Samtals:	556	77,7

Úr nágrannasveitarfélögum Reykjavíkur:	Fjöldi	%
Seltjarnarnes	10	1,3
Kópavogur	68	9,2
Garðabær	4	0,5
Hafnarfjörður	6	0,8
Mosfellsbær	75	10,1
Álftanes	5	0,7

⁴¹ Már Vilhjálmsson. (2014).

⁴² *Ársskýrsla 2013*. (2014), bls. 4.

⁴³ Sama heimild, bls. 6.

	Samtals:	168	19,8
Útan höfuðborgarsvæðisins:	Fjöldi		%
Vesturland	4		0,5
Vestfirðir	1		0,1
Norðurland	3		0,4
Austurland	0		0,0
Suðurland	9		1,2
Útlönd	0		0,0
	Samtals:	17	2,5
Samtals:		741	100,0

Tæp 78% koma úr ýmsum hverfum Reykjavíkur, þar af flestir úr Grafarvogi og neðra Breiðholti og athygli vekur að aðeins 10% nemenda koma úr Vogunum, hverfi skólans. Tæp 20% koma úr nágrannasveitarfélögum, þar af allur þorinn úr Mosfellsbæ og Kópavogi. Þeir sem á vantar (2,5%) eru annars staðar að. Að sögn rektors hafa ekki átt sér stað stórar breytingar hvaðan nemendur koma. Að hans mati mun líklega eitthvað draga úr aðsókn úr Mosfellsbæ í ljósi þess að framhaldsskólinn þar hefur fengið nýtt og stærra húsnæði sem breyta mun allri aðstöðu skólans. Hann telur ekki neitt afhættis þótt aðeins fækki í MS og bendir á að í deiliskipulagi Reykjavíkurborgar er gert ráð fyrir fleiri þúsund manna íbúða-hverfi á skólasvæði MS. Þegar það verður að veruleika má vænta fjölgunar í skólanum.

Í viðtölum kom fram að tiltölulega fáir nemendur velja MS sem fyrsta val við innritun í framhaldsskóla en stærstur hlutinn setur skólann sem annan valkost. Rektor segir að meðal allra framhaldsskóla sé MS sá skóli sem oftast er nefndur í varaval, þ.e. í annað og þriðja sæti. Ástæðurnar séu líklega þær að húsnæðisaðstæður hafi verið mun lakari en í flestum öðrum skólum þótt faglega séð sé hann öflugur. Meðaleinkunn innritaðra í skólann 2013 var rétt rúmlega 8. Allir uppfylltu inntökunemendur inntökuskilyrði, yfir 6 í íslensku, ensku og stærðfræði. Eftir sem áður er skólinn þó með svólítinn hóp nemenda sem er settur í hægferðir í áfangakerfinu. Það kallar á svólítið aðra faglega nálgun og stuðning.

4.1 Fjöldi nemenda í námshópum

Árið 2013 var meðalfjöldi nemenda í námshópum í skólanum 24,7 nemendur og hafa námshópar stækkað sem viðbragð við samdrætti í tekjum skólans frá hruni. Í töflu 4 má sjá hver þróunin hefur verið.

Tafla 4: Fjöldi nemenda í námshópum í MS 2013–2013.

Meðalbekkjarstærð	2008	2009	2010	2011	2012	2013
1. bekkur	25,5	28,6	28,8	26,8	27,4	28,8
2. bekkur	22,9	26,2	28,2	25	25,4	24,5
3. bekkur	21,3	20,9	28,3	24,4	23,6	21,7
4. bekkur	18,9	16,6	21,5	23,3	24,9	23,3
Heildin	22,6	23,4	25,8	24,8	25,3	24,7
Hlutfall með 25 nemendur og fleiri (%)						
1. bekkur	100	100	100	100	100	100
2. bekkur	38	89	100	75	57	38
3. bekkur	29	14	56	38	50	14
4. bekkur	0	0	33	38	43	43
Heildin	48	55	74	58	63	50

Alla jafna hefur 1. bekkur verið með fleiri en 25 nemendur að meðaltali og árið 2013 voru að meðaltali 28,8 nemendur í 1. bekk. Nemendahóparnir minnka eftir því sem ofar dregur í skólann og í 2. bekk eru aðeins 38% bekkjanna með 25 nemendur eða fleiri árið 2013. Í 3. bekk ná einungis 14% námshópanna 25 nemenda markinu en í 4. bekk eru 43% nemendahópanna þetta fjölmennir. Aðrir eru fámennari.

4.2 Umsjón

Nemendum er frá byrjun raðað í bekk eftir brautar- og kjörsviðsvali. Þeir fylgja sama hópi í flestum námsgreinum og nemendur á sama kjörsviði innan brautar fylgjast að öll skólaárin. Hver bekkur fær sinn umsjónarkennara sem er valinn úr hópi þeirra sem kenna öllum nemendum bekkjarins. Þeir hafa tiltekinn viðtalstíma fyrir nemendur í sínum bekkjum og forráðamenn vegna upplýsingagjafar og sitja fundi með forráðamönnum ólöggráða nemenda. Ekki er að finna aðra starfslýsingu fyrir umsjónarkennara í skólanámskrá eða á heimasíðu skólans.

Verkefnisstjóri umsjónar skipuleggur, í samráði við stjórn skólans, starf og samstarf umsjónarkennara í 1. bekk. Hann undirbýr foreldrafundi í 1. bekk með stjórnendum, einn á hvorri önn.

4.3 Fjarvistir og brotthvarf

Fjarvistir nemenda í MS eru miklar og aukast eftir því sem lengra dregur í námsferli þeirra. Þetta er dregið skýrum dráttum í sjálfsmatskýrslu 2012–2013 þar sem segir að skólasóknar-einkunn hafi verið 9,0 í fyrsta bekk á haustönn 2012, 8,0 í öðrum bekk, 6,6 í þriðja bekk og 4,6 í fjórða bekk.⁴⁴ Í skýrslunni eru könnuð tengsl námsárangurs og skólasóknar og sýnir niðurstaðan fylgni á þann veg að einkunnir lækka eftir því sem mætingar eru lakari.

Slök mæting er kennurum og skólastjórnendum í MS áhyggjuefni en í skólanum gildir sú grunnregla að nemendur skuli „sækja allar kennslustundir og mæta stundvíslega.“⁴⁵ Fjarvistir eru skráðar og í skólasóknarreglum segir að mæting undir 85% teljist ófullnægjandi og að mæting undir 80% sé agabrot. Þá er í gildi regla sem segir til um að slök mæting í kennslustundir geti leitt til 5% lækkunar á einkunn í hverri grein. Aðspurðir telja kennarar að þessi regla hafi nær engin áhrif og í reynd komist nemendur upp með að mæta eins og þeim sýnist og þegar þeim sýnist án þess að þeim sé vísað úr skóla eða öðrum áhrifaríkum viðurlögum beitt. Í rýnihópi þeirra var sú skoðun almenn að skólinn hafi brugðist nemendum með því að fella niður viðurlög við lélegri mætingu. Það sé gert vegna þess að reiknilíkanið umbuni fyrir það að haldið sé í nemendur sem lengst og nefnt var að þrýstingur sé á kennara að „hleypa nemendum áfram þrátt fyrir slaka ástands og lélegan námsárangur“ sem ætti að öðru jöfnu að leiða til falls. Grundvallarsaka þessa ástands sé hins vegar að leita í breyttum samfélagsviðhorfum til náms. Það sé ekki lengur í fyrsta sæti hvað varðar tíma nemenda og dæmi voru nefnd um að „góðir“ nemendur vildu ekki að árangur þeirra spyrðist í skólanum.

Aðspurðir um leiðir til þess að bæta skólasókn nemenda benda starfsmenn á að í rafrænni könnun vorið 2013 hafi meðal annars komið fram að taka þurfi harðar á þeim sem skröpa en jafnframt að gott sé að taka upp skilvirkt hvatningarkerfi með raunverulegri umbun til þeirra sem mæta vel.⁴⁶

Konrektor og kennslustjóri segja MS ekki refsingarskóla heldur umbunarskóla. Mikilvægt sé að leggja ekki af hugmyndafræðina um jákvæðan aga heldur breyta vinnubrögðum til

⁴⁴ *Sjálfsmatskýrsla 2012–2013*. (2013), bls. 40–41.

⁴⁵ *Skólasóknarreglur*. (2014).

⁴⁶ *Starfsmannakönnun MS vorönn 2013*. (2013).


að ná stefnunni fram. Um leið er unnið að því að færa áhersluna frá kennslu í nám, fá nemendur til að sjá tilgang í því að mæta í kennslustundir.

Brotthvarf úr námi er annað áhyggjuefni og í ársskýrslu 2013 kemur fram að brotthvarf nemenda skólaárið 2012–2013 var samtals 56 nemendur eða 7,6% sem var mikil hækkun frá fyrra ári er brotthvarfið var 4,3%. Ellefu nemendur hættu á fyrsta námsári, 21 nemandi á öðru ári, 21 nemandi á þriðja ári og sjö nemendur á fjórða námsári. Ekki er vitað hvað orsakaði brotthvarfsaukninguna en í ársskýrslunni segir að unnið sé að sérstöku verkefni í samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneytið til að rannsaka ástæðurnar og finna leiðir til úrbóta.⁴⁷ Hafa þarf í huga að brotthvarf úr einum skóla merkir ekki endilega að nemendur hætti námi því að sögn námsráðgjafa hefja margir nám í öðrum skólum sem bjóða nám sem ekki er boðið í MS.

4.4 Brautskráningar

Vorið 2013 brautskráði MS 159 nýstúdentar, 90 stúlkur og 69 pílta. Hópurinn skiptist þannig á brautir að 20 nemendur voru af málabraut, 48 nemendur af félagsfræðabraut, félagsfræðikjörsviði, 25 nemendur af félagsfræðabraut, hagfræðikjörsviði, 46 nemendur af náttúrufræðibraut, líffræðikjörsviði, 10 nemendur af náttúrufræðibraut, umhverfisfræðikjörsviði og 10 nemendur af náttúrufræðibraut, eðlisfræðikjörsviði. Síðar um sumarið útskrifuðust 6 nemendur til viðbótar eftir viðbótarnám í sumarskóla. Alls brautskráðust því frá skólanum 165 nemendur árið 2013.⁴⁸

Á árabílinu 2008–2013 hefur skólinn brautskráð 859 stúdentar. Flestir þeirra koma af félagsfræðabraut eða 391, 376 af náttúrufræðabraut og 92 af málabraut (mynd 4).



Mynd 4: Brautskráðir stúdentar frá MS 2008–2013 eftir námsbrautum.

Á árunum 2008–2013 var árið 2012 gjöfulast en þá brautskráðust 177 nemendur frá skólanum. Meðalfjöldi brautskráðra stúdentar á þessu tímabili voru 144. Meðalnámstími brautskráðra nemenda er um fjögur ár. Lítið um að nemendur þurfi að endurtaka bekk.

⁴⁷ Ársskýrsla 2013. (2014), bls. 5.

⁴⁸ Sama heimild, bls. 5

4.5 Nemendur með sérþarfir

Í MS voru tæplega 140 nemendur á skrá með einhverja greiningu skólaárið 2013–2014 og þurftu aðstoð námsráðgjafa. Um það bil 100 nemendur voru greindir með dyslexiu og komu með slíka greiningu úr grunnskólanum. Hafi nemendur ekki fengið greiningu er þeim bent á gildi þess að hafa hana.

Formlegt samstarf kennara og stjórnenda er milli MS og Vogaskóla en námsráðgjafar eiga ekki aðild að því. Einnig er samstarf við BUGL sem hefur frekar aukist undanfarin ár. Það nýjasta á því sviði er að BUGL og MS ætla að standa sameiginlega að fræðslu um geðsjúkdóma fyrir starfsfólk MS sem og nemendur.

Hins vegar er hvorki skólahjúkrunarfræðingur við skólann né læknir og að mati námsráðgjafa er skólinn að sumu leyti eyland í nærumhverfinu, það vantar tengingu á milli þjónustustofnana. Námsráðgjafar eru þar af leiðandi ekki þátttakendur í sérfræðiteymum á svæðinu en vildu gjarnan vera aðilar að þverfaglegu teymi sérfræðinga þjónustustofnana samfélagsins. Beini skólinn nemendum til félagsþjónustu er hann úti úr málinu.

Nemendum með sértæka námsörðugleika, s.s. lestrarerfiðleika, býðst ýmiss konar þjónusta sem er skilgreind með eftirfarandi hætti á heimasíðu skólans:⁴⁹

- Boðið er upp á sérstakan valáfanga, námsaðferðir, fyrir nemendur með greiningu um lestrar- eða stærðfræðierfiðleika.
- Boðið er upp á námskeið fyrir nýnema með greiningu um lestrar- eða stærðfræðierfiðleika í upphafi skólaárs.
- Prófkvíðanámskeið á vegum námsráðgjafa.
- Einstaklingsviðtöl hjá námsráðgjöfum við nemendur sem koma með greiningar um lestrar-, stærðfræði- eða skriftarerfiðleika.
- Vakni grunsemdir um að nemandi sé með lestrar- eða stærðfræðierfiðleika hvetja námsráðgjafar hann til að fara í greiningu til sérfræðinga t.d. taugasálfræðinga og lestrarsérfræðinga.
- Námsráðgjafar hvetja nemendur til að sækja sér þjónustu hjá Blindrabókasafni þegar greining liggur fyrir.
- Námsráðgjafar upplýsa kennara um hvaða nemendur þeirra glíma við lestrar- eða aðra sértæka námsörðugleika.
- Ábending til kennara að nota arial letur því það hentar nemendum með lestrarerfiðleika.

Þessu til viðbótar geta nemendur fengið að taka próf í sérstofum, þeir geta fengið lengri próftíma, þeir geta fengið próf lesin inn á spilara, þeir geta fengið próf með stækkuðu letri og/eða á lituðum pappír og þeir geta jafnvel fengið að vinna prófúrlausnir á tölvur en ekki eru gerðar neinar breytingar eða undanþágur á námskröfum. Nokkuð er um að nemendur taka upp áfanga í fjarnámi hafi þeir fallið í MS og leita þá á náðir skóla sem það bjóða.

4.5.1 Framhaldsskólabraut

Engin framhaldsskólabraut er starfrækt við skólann en í bígerð er að bjóða upp á slíka námsbraut á næsta skólaári er skólinn fær aukið húsrými til afnota.

4.6 Nemendur af erlendum uppruna

Fáir nemendur eru af erlendum uppruna. Þeir eru yfirleitt íslenskumælandi, tvítýngdir. Að sögn námsráðgjafa er þeim mikið í mun að vera ekki aðgreindir frá íslenskum nemendum og þeir spjara sig vel án nokkurrar sérstakrar þjónustu. Menntaskólinn við Sund hefur hvorki

⁴⁹ *Nemendur með sértæka námsörðugleika.* (2013).

mótað stefnu né samið móttökuáætlun hvað varðar nemendur sem hafa annað móðurmál en íslensku. Hins vegar býðst þeim nemendum að taka sérstaka áfanga í íslensku, samtals fjóra, og ganga þeir undir samheitinu „íslenska sem annað tungumál.“⁵⁰

4.7 Nemendafélag

Skólafélag Menntaskólans við Sund hefur starfað frá 1989. Það hefur aðsetur í kjallara skólans og er stýrt af stjórn, svokölluðum miðhópi. Hann skipa ármaður (formaður félagsins), ritari (varaformaður) og gjaldkeri. Stjórn er kjörin af nemendum með þeim hætti að lýst er eftir framboðum. Yfirleitt koma fram fleiri en eitt framboð í hvert embætti. Til þessa hefur farið fram listakjör en kosningar eru að færast æ meir yfir í einstaklingskjör í einstök embætti félagsins. Kosningavaka er haldin þar sem nemendur kynna framboð sitt. Algengast er að stjórn sé skipuð nemendum úr þriðja bekk.

Að sögn stjórnar nemendafélags MS hefur nemendafélagið ekkert hlutverk í hagsmunagæslu fyrir nemendur og þar af leiðandi er ekkert hagsmunaráð starfandi innan þess. Konrektor segir samt áherslu lagða á að hlusta eftir röddum nemenda. Öflug stjórn nemendafélagsins geti og hafi sannarlega verið góður talsmaður allra nemenda. Hann bendir á að félagið sinni hagsmunamálum nemenda með tilnefningu á fulltrúum til setu í skólanefnd, skólaráði, sjálfsmatshópi, jafnréttishópi og hópi um heilsueflandi MS auk ýmissa rýnihópa.⁵¹

Hlutverk nemendafélags MS er einkum það að annast félagslíf í skólanum og „sjá til þess að hafa gaman,“ eins og fulltrúar í stjórn orða hlutverkið. Ýmsar uppkomur eiga sér stað í skólanum að frumkvæði félagsins. Skólaböll eru opin öllum nemendum skólans og eru haldin víðs vegar um borgina, allt eftir því hvar hentugt og ódýrt húsnæði er að finna. Áfengisneysla er til staðar á samkomum nemenda þótt allt sé gert til að vinna gegn henni, meðal annars í samstarfi við foreldra.

Allir sem skráðir eru í félagið greiða félagsgjöld. Langflestir nemendur skólans eru félagar. Mjög formlegt samstarf er á milli félagsmálafulltrúa og stjórnar nemendafélags. Þeir funda reglulega með stjórn og hjálpa nemendum eftir því sem þörf er á. Félagsmálafulltrúar eru málsvarar nemenda gagnvart stjórn og kennurum. Að sögn félagsmálafulltrúa vill rektor að samskipti hans og nemendafélagsins fari í gegnum félagsmálafulltrúa. Ekki sé farið fram hjá þeim í samskiptum stjórnenda skólans og stjórnar nemendafélagsins. Að sögn kemur það hins vegar oft fyrir að félagsmálafulltrúar draga sig í hlé og ráðleggja nemendum að reka mál sín beint við rektor.

Í upphafi hvers skólaárs fundar rektor með félagsmálafulltrúum og nemendafélaginu. Nemendum finnst þó stundum ekki nægilega vel á sig hlustað og vilja að rektor sé þeim aðgengilegri. Að sögn félagsmálafulltrúa fá nemendur að hafa áhrif á gerð skóladagatals þar sem taka þarf tillit til félagslífs nemenda við gerð dagatalsins. Þá segja stjórnarmenn nemendafélagsins sig hafa áhuga á að fá að taka þátt í breytingaferli innan skólans í ljósi nýrra kjarasamninga og muni þeir láta í sér heyra.

Margar nefndir og ráð starfa á vegum skólafélagsins. Þeirra á meðal eru:⁵²

- Skemmtinefnd sem skipuleggur og heldur dansleiki, nýnemakvöld og fleiri skemmtanatengda viðburði.
- Íþróttaráð sem sér um að skipuleggja og halda íþróttaviðburði innan skóla og fyrir hönd skólafélagsins á öðrum vettvangi.
- Leiklistarfélagið Thalía sem stendur fyrir sýningu á einu leikriti á hverju skólaári.

⁵⁰ Skólasamningur MS. (2013).

⁵¹ Hjördís Þorgeirsdóttir. (2014). Bréf til úttektaðila, dags. 26.6.

⁵² Um okkur. [Án árs].

- Listafélag sem skipuleggur hæfileikakeppni, busavígslu dragkeppni og dimittingu í samráði við skemmtinefnd og miðhóp.
- Ritnefnd sem sér um blaðaútgáfu á á vegum skólafélagsins.
- Málfundafélag sem skipuleggur allt sem tengist Morfís, Gettu betur og öðrum slíkum viðburðum.
- Mjaltakonur sjá um og skipuleggja söngkeppni skólafélagsins, Bauluna, í samráði við miðhóp.
- Videosvið og hirðljósmyndarar mynda alla atburði skólafélagsins. Videosviðið gefur líka út fréttabáttinn Mysing.

Félagslíf Menntaskólans við Sund er frábrugðið því sem gengur og gerist í öðrum framhaldsskólum að því leyti að allir nemendur geta stofnað svokölluð „svið“ tengd áhugamálum sínum. Þetta gerir félagslíf skólans fjölbreyttara og opnara hverjum sem að því vilja koma.

Meðal fastra atburða í félagslífinu má nefna dansleiki, hæfileikakeppni, söngvarakeppni, stórtónleika, uppsetningu á leikriti, kórastarf, þátttöku í Gettu betur, mælskukeppni, ýmsa íþróttaviðburði og fjöldan allan af smærri uppákomum og atburðum. Innan skólafélagsins starfa einnig margir hópar eða svið. Vídeósvið hefur verið sérstaklega öflugt síðastliðin ár. Aðstaða til myndbandavinnslu er mjög góð í skólanum og er skólafélagið vel tækjum búið.

Á heimasíðu skólans segir að félagslíf nemenda hafa alla tíð verið blómlegt og ýmsar athafnir orðið að fastri hefð í skólalífinu. Þar beri líklega hæst Busl, Fardag og Tirnu. Busl hefur tíðkast frá upphafi þegar annars bekkingar báru Tjarnarvatn í ámu inn í skólaportið haustið 1970 og skírðu busa með niðurdýfingu. Fyrstu stúdentarnir (1973) kvöddu skólann með mikilli hátíð síðasta kennsludaginn sem þeir nefndu Fardag og hefur sá dagur verið með líkum hætti síðan. Einnig hafa allir stúdentahópar gefið út bókina *Tirnu* (sbr. Tjörn).⁵³

4.8 Mat úttektaraðila

- Menntaskólinn við Sund hefur þá sérstöðu meðal íslenskra bóknámsskóla að hlutföll kynjanna meðal nemenda hafa lengi verið því sem næst jöfn.
- Skólinn er ekki hverfissskóli innan Reykjavíkur í neinum skilningi en næstum allir nemendur hans koma þó af höfuðborgarsvæðinu.
- Meðalfjöldi nemenda í námshópum hefur hækkað eftir hrun.
- Gera þarf átak til þess að fækka fjarvistum nemenda.
- Vinna þarf skipulega og ákveðið gegn brotthvarfi nemenda úr skólanum.
- Skólinn reynir eftir megni að koma til móts við nemendur sem eiga við félagslega, námslega eða annars konar örðugleika að etja en þarf meiri og sterkari tengingar við þjónustustofnanir utan hans.
- Semja þarf móttökuáætlun fyrir nemendur sem hafa annað móðurmál en íslensku.
- Nemendafélag MS stendur fyrir öflugum félagslífi.
- Virkja þarf nemendur til aukinnar þátttöku sem hagsmunaaðila við ýmsa faglega vinnu innan skólans.

⁵³ Söguágríp. (2004).

5 Mannauður

Við Menntaskólann við Sund starfa alls 65 starfsmenn, 40 konur og 25 karlar og skiptist starfsliðið eftir starfsheiti, starfshlutfalli og kyni eins og sjá má í töflu 5.

Tafla 5: Fjöldi starfsmanna MS 2013–2014 og starfshlutfall eftir kynjum.

	Starfshlutfall	Karlar	Konur	Samtals
Stjórnendur	100%	1	2	3
Kennarar í föstum stöðum	100%	16	16	32
	50–99%	3	10	13
	< 50%	2	6	8
Annað starfsfólk	100%	2	5	7
	90%		1	1
	50%	1		1
		25	40	65


Allir kennarar skólans, 53 að tölu, eru með kennsluréttindi og annast kennslu í þeim greinum sem þeir hafa menntun til (tafla 6).

Tafla 6: Menntun kennara MS eftir kynjum.

Menntun:	Karlar	Konur	Samtals
BA/BS-próf auk kennsluréttinda.	6	11	17
MA/MS/M.Ed.-próf auk kennslur.	8	20	28
Doktorspróf auk kennsluréttinda.	3	1	4
Önnur menntun	4	0	4
Samtals:	21	32	53

60% kennara skólans hafa lokið meistaraþrófi í kennslugrein sinni og þar af fjórir doktorsþrófi.⁵⁴ Undantekning er ef kennari kennir fleiri en eina grein sem aðalgrein.

Kennaraliðið er nokkuð tekið að reskjust en fjórðungur þess er 60 ára eða eldri og 38% á aldursbilinu 50–59 ára⁵⁵ (mynd 5)




Mynd 5: Aldurssamsetning kennaraliðs MS 2013–2014.

⁵⁴ Hjördís Þorgeirsdóttir. (2014). Bréf til úttektaðila, dags. 14.3.

⁵⁵ Sama heimild.

Í samanburði við landið allt má sjá að aldur kennara í MS er nokkuð annar en meðalaldur framhaldsskólakennara (mynd 6).



Mynd 6: Samanburður á aldri kennara í MS og framhaldsskólum landsins.

Eins og sjá má er hlutfall kennara undir 50 ára aldri í MS nokkru lægra en framhaldsskólakennara á landinu öllu og þar af leiðandi hlutfall kennara yfir 50 ára aldur nokkru hærri og þar af hlutfall kennara 60 ára og eldri níu prósentustigum herra en á landinu öllu.

5.1 Starfsmannavelta

Lítil starfsmannavelta hefur verið í MS síðast liðin ár að sögn rektors (tafla 7).

Tafla 7: Starfsmannavelta MS 2009–2013.

2009	Þrjú kennarar fóru á eftirlaun og einn lét af störfum. Fimm nýir kennarar ráðnir í hlutastörf.
2010	Einn nýr kennari ráðinn í hlutastarf.
2011	Skrifstofustjóri fór á eftirlaun, nýr ráðinn.
2012	Skrifstofustjóri lét af störfum og tveir kennarar. Tveir kennarar ráðnir. Skólaritari og baðvörður fóru á eftirlaun.
2013	Nýr skrifstofustjóri ráðinn, þjónustufulltrúi lét af störfum.

Þessa sér einnig stað í starfsaldri kennara en 57% er með 12 ára starfsaldur eða meira og 25% er með 9–11 ár. Innan við fimmtungur kennara er með átta ára starfsaldur eða skemmri.

5.2 Starfsþróun

Í viðauka með gildandi skólasamningi MS og mennta- og menningarmálaráðuneytis eru sett fram nokkur markmið um starfsþróun starfsmanna og skilgreindar aðferðir að því marki. Þau atriði sem nefnd eru eru námsferðir erlendis 2013 og 2015; aukin þátttaka í starfendarrannsóknunum; aukið faglegt samstarf innan þjónustusviðs; samræðudagur um jafnréttismál á vorönn 2013; að hafa a.m.k. tvær þverfaglegar valgreinar í boði ár hvert; að efla MS sem

heilsueflandi framhaldsskóla; að efla samstarf við Vogaskóla með fræðslufundum og umræðufundi.⁵⁶

MS hefur lagt áherslu á að byggja upp námssamfélag starfsmanna í skólanum í gegnum starfendarannsóknir, fræðslufundi, örnámskeið og þróunarverkefni. Stofnanasamningur hefur verið nýttur til að búa til hvata fyrir starfsþróun starfsmanna með styrkjum til þróunarverkefna og samningi um árangurstengingu launa.⁵⁷ Markmið starfendarannsókna (sjá áður í kafla 3.4) er að gefa fólki tækifæri til að vaxa í starfi og þróa starfshætti sína með rannsóknum og ígrundun á eigin starfi. Hver starfsmaður skoðar afmarkaðan og skilgreindan þátt í starfi sínu, safnar gögnum með ýmsum aðferðum, heldur dagbók og ígrundar niðurstöður.⁵⁸ Skólaárið 2012–2013 voru haldnir átta fundir yfir skólaárið þar sem rætt var um rannsóknirnar og niðurstöður þeirra kynntar. Faglegur ráðgjafi er Hafþór Guðjónsson dósent við menntavísindasvið Háskóla Íslands.⁵⁹

Innan skólans er til áætlun um móttöku nýliða í kennslu eða nýrra kennara þótt hún sé hvergi sýnileg á heimasíðu hans. Fyrir hrun var sérstakur verkefnisstjóri sem sinnti þessu verkefni en eftir hrun hafa sviðsstjórar gert það ásamt konrektor. Innan faggreina gegna fagstjórar stærstu hlutverki við móttöku nýrra kennara. Haldnir eru fimm fundir á ári með nýjum starfmönnum og sviðstjórar skipta hópnum á milli sín til að fylgja málum eftir.⁶⁰

5.3 Forfallakennsla

Skólinn hafði tvo reynslumikla kennara sem sinntu tilfallandi forfallakennslu á árunum fyrir hrun en það fyrirkomulag var aflagt vegna niðurskurðar. Vísir að forfallakennslu varð aftur til frá síðustu áramótum (2013/2014) til loka vorannar 2014 þegar ráðinn var afleysingakennari sem kenndi einum námshópi innan stundatöflu en að öðru leyti voru öll vinnuskil hans í formi afleysingar.⁶¹

5.4 Mat úttektaraðila

- Kennarar við MS eru með góða menntun og kenna nær eingöngu sínar sérgreinar.
- Starfsaldur kennara er hár miðað við aðra framhaldsskóla.
- Starfsmannavelta hefur verið lítil eftir hrun.
- Starfsþróunarmarkmið eru vel skilgreind í skólasamningi.
- Gera þarf áætlun um móttöku nýliða sýnilega.

⁵⁶ Skólasamningur MS. (2013).

⁵⁷ *Ársskýrsla 2012*. (2013), bls. 12.

⁵⁸ *Sjálfsmatskýrsla 2012–2013* (2013), bls. 13.

⁵⁹ Sama heimild, bls. 13.


⁶⁰ Hjördís Þorgeirsdóttir. (2014). Bréf til úttektaraðila, dags. 26.6.

⁶¹ Már Vilhjálmsson. (2014).

6 Stjórnun og rekstur

Í 8. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008 segir að skólameistari ráði stjórnendur, kennara og aðra starfsmenn skólans að höfðu samráði við skólanefnd. Í skólanámskrá Menntaskólans við Sund er skipuleg lýsing á stjórnunarstöðum og helstu hlutverkum sem hverri og einni tilheyra. Greint er frá skipan skólanefndar og skólaráðs og tilgreint hvað hvor aðili fjallar helst um. Þar á eftir koma stuttar lýsingar á 25 starfsheitum sem taka til ívið fleiri einstaklinga. Byrjað er á starfslýsingum yfirstjórnar sem samanstendur af rektor, konrektor (í skólanum er byggt á gamalli hefð og haldið í þau starfsheiti í stað skólameistara og aðstoðarskólameistara eins og þau eru nefnd í lögum um framhaldsskóla) og kennslustjóra.⁶²

Um rektor segir að hann beri ábyrgð á fjárhagslegri og faglegri starfsemi skólans, hann ræður starfsfólk, ber ábyrgð á inntöku nemenda og hefur frumkvæði að gerð skólanámskrár og umbótastarfi. Þá ber rektor ábyrgð á því að starfsmenn ræki skyldur sínar og njóti þeirra réttinda sem þeim ber. Hann er framkvæmdastjóri skólanefndar og oddviti skólaráðs.



Mynd 7: Skipurit MS 2013–2014.⁶³

Konrektor er staðgengill rektors og hefur umsjón með faglegu starfi, mati, eftirliti og stundatöflugerð. Hann annast skipulagningu bekkjarumsjónar. Það er einnig í verkahring konrektors að aðstoða við starfsmannahald, skipulagningu starfa, fjármál og launamál.

Kennslustjóri hefur yfirumsjón með nemendabókhaldi, þ.e. skráningu nemenda, færslu einkunna og fjarvista. Hann hefur umsjón með útgáfu skírteina og vottorða í samstarfi við skrifstofu/skólafulltrúa. Kennslustjóri annast m.a. prófstjórn og gerð próftöflu. Skólaárið

⁶² Ratsjá. (2013), bls. 16–20.

⁶³ Sama heimild, bls. 16.

2013–2014 var kennslustjóri með mikla viðveru í Faxafeni vegna byggingarframkvæmda í Gnoðarvogi og skólaárið 2014–2015 flytjast konrektor og fjármálastjóri þangað einnig. Rektor verður á flakki á milli milli bygginga 2014–2015 en hefur litla skonsu til afnota við Gnoðarvog.

Til hliðar við yfirstjórn er fjármálastjóri í fullu starfi sem ætlað er að vinna að áætlanagerð, launamálum, tölvubókhaldi og daglegum fjármálum skólans. Hann leiðbeinir einnig nemendafélaginu um fjármál þess. Innkaupakort eru aðeins í höndum fjármálastjóra, rektors og umsjónarmanns fasteigna.

Þessi starfsheiti og fleiri má sjá í skipuriti skólans sem birt er á fleirum en einum stað á heimasíðu hans, sjá mynd 7. Það er úrelt að því leyti að ekki er lengur innritað í sérstaka málabraut og því hvorki málvísindasviðið lengur til staðar né heldur sérstakur sviðsstjóri þess ellegar fagstjórar.

Núverandi sviðsstjórar eru þar með tveir og er þeim meðal annars ætlað að vinna „að faglegri stefnumótun og þróun skólastarfs með stjórn skólans og í samvinnu við fagstjóra einstakra námsgreina.“ Þeir funda reglulega með fagstjórum sem undir þá heyra, þeir eiga að stuðla að þverfaglegri samvinnu kennara og hafa samvinnu við fagstjóra um greinarbundin atriði, t.d. ákvörðun námsefnis, gerð námslýsinga og ákvörðun kennslugagna. Sviðsstjórar hafa engin fjárhagsleg forráð. Öllum tillögum um innkaup er skilað til rektors sem síðan annast framkvæmdina. Þess utan er algengt að fagstjórar og kennarar fari í bókaforlög og sækji sér kennaraeintök.

Fagstjórar eru ráðnir til tveggja ára í senn. Þeir standa á milli sviðsstjóra og almennra kennara og funda nokkuð reglubundið með „sínunum“ kennurum. Þeir hafa umsjón með kennslu og námsefni, þeir velja kennslubækur og ákveða gerð námsáætlana í samráði við aðra kennara, þeir hafa eftirlit með gerð prófa og námsmati og hafa tengsl við fagstjóra í öðrum skólum, o.fl. Fagstjórar sækja um starfið sem auglýst er í kennarahópnum og geta fleiri en einn orðið um hituna. Til er í dæminu að faghópur komi sér saman um hver sækir um auglýst starf hverju sinni. Þá horfa kennarar til þess að skynsamlegt sé að láta hlutverkið fara á milli manna. Fagstjórar funda að jafnaði með stjórnendum einu sinni í mánuði. Viðfangsefni funda lúta að samræmingu námskrafna og áætlana auk umræðna um kennslufræðilegar nýjungar.

Verkefnisstjórar standa á milli kennslusviðs og þjónustusviðs. Í skólanámskrá eru skilgreind tíu hlutverk verkefnisstjóra og tengiliðir þeirra allra eru í öllum tilvikum rektor eða konrektor nema verkefnisstjóri umsjónar í fyrsta bekk sem hefur kennslustjóra sem sinn tengilið.

Undir þjónustusviði eru skilgreind níu sérstök starfsheiti. Um skrifstofustjóra segir að hann heyri undir rektor og jafnframt að þjónustufulltrúi lúti stjórn hans (skrifstofustjóra). Um tengiliði annarra er ekkert tekið fram.

Skipuritið er í heild sinni nokkuð skýrt að því undanskildu sem áður er sagt um málabrautina og að staða fjármálastjóra gagnvart yfirstjórn annars vegar og þjónustusviði hins vegar er býsna óljós. Ef örvar merkja að jafnaði boðleiðir er vant að sjá hvers vegna örin á milli þjónustusviðs og fjármálastjóra vísar upp en ekki niður og sama má segja um örvarnar milli fjármálastjóra, rektors og konrektors.

Af skipuritinu má ráða að dreifstýring sé allmikil í Menntaskólanum við Sund og sú er tilfinning yfirstjórnar skólans. Í viðtölum við kennara og aðra starfsmenn kom hins vegar fram annað sjónarhorn og mörgum varð údrætt um einstefnustjórnun af hálfu rektors. Hann hlusti ekki nægjanlega eftir sjónarmiðum starfsmanna og eigi til að taka ákvarðanir án samráðs við þá sem næst vettvangi standa. Af dæmum sem tekin voru í þessa átt má nefna uppbyggingu mjög stórrar tölvustofu, „geimskips“ að mati sumra, sem illa nýtist í stað þess að einbeita sér að uppbyggingu innra nets og vélbúnaðar nær daglegu starfi nemenda og kennara; samráðsleysi um framkvæmdir á húsnaði bókasafns skólans og einhliða skerðing á starfshlutföllum þar.

Að mati rektors var staðið faglega að þessum ákvörðunum sem hann segir hafa verið teknar að höfðu samráði „og eftir mat bæði á kostnaðaráhrifum á rekstur, mati á starfsmannamál og þjónustu og eftir forgangsröðun á mikilvægi.“⁶⁴

Í sjálfsmatsskýrslu eru ekki beinar upplýsingar um viðhorf starfsmanna til stjórnenda skólans. Þó kemur fram að á vorönn 2013 svöruðu 94% svarenda (50 manns eða 74% tóku þátt) í rafrænni könnun því til að starfsandi í skólanum sé mjög eða frekar góður/notalegur.⁶⁵ Af öðrum niðurstöðum úr þessari könnun má nefna að 24% svöruðu því til að þeir væru mjög ánægðir með upplýsingastreymi innan skólans skólaárið 2012–2013 og 59% sögðust vera frekar ánægðir.⁶⁶ Í fyrrnefndri sjálfsmatsskýrslu er sagt frá því að störf rektors, konrektors og kennslustjóra hafi einnig verið metin sérstaklega en niðurstöðurnar einungis birtar viðkomandi stjórnanda⁶⁷ og þær eru þess vegna ekki aðgengilegar öðrum. Í bréfi frá konrektor kemur fram að starfsmenn svara átján spurningum um stjórnýslu hvers þessara aðila og hafa gert það undanfarin ár.⁶⁸

Í könnun Starfsmannafélags ríkisstofnana um stofnun ársins 2013 lenti MS í 104. sæti af 126 í heildareinkunn. Þar fékk spurning um trúverðugleika stjórnenda einkunnina 3,97 (meðaltal 3,83) og spurning um starfsanda 4,23 (meðaltal 4,14). Skólinn var ekki þátttakandi í sömu könnun árið 2014.⁶⁹

6.1 Skólanefnd

Skólanefnd er skipuð fimm fulltrúum til fjögurra ára. Tveir eru tilnefndir af Reykjavíkurborg en þrír án tilnefningar. Skólameistari situr fundi nefndarinnar en fulltrúi starfsmanna er ritari hennar. Fundargerðir eiga að vera aðgengilegar á heimasíðu skólans en eru það ekki og þar eru úreltar upplýsingar um skipan hennar.⁷⁰

Að sögn formanns skólanefndar gefur rektor skólanefnd reglulega upplýsingar um rekstrarstöðu skólans. Nefndin fær því tækifæri til að fylgjast með. Hann segir hagræðingaraðgerðir vera í klípuformi, engum hafi verið sagt upp en ekki heldur verið ráðið í stað þeirra sem hætta. Þannig sé dregið úr í þjónustuhluta skólans en reynt að þyrma kennslu. Skólameistari leggur ekki endilega fyrir námsframboð til samþykktar eða synjunar í skólanefnd en kynnir það og fær viðbrögð. Stærri ákvarðanir, eins og til dæmis að innrita ekki lengur á málabraut, eru lagðar fyrir skólanefnd og ræddar þar og síðan eru þær staðfestar í skólasamningi ef efni standa til. Niðurstaða nefndarinnar er yfirleitt í samræmi við vilja rektors, að mati formanns hennar, og hefur nefndin ekki sett sig í andstöðu við hann.

Rektor segir umræður í skólanefnd mikilvægar þar sem á vettvangi hennar fari fram fagleg umræða við þá sem standa aðeins utan við en hafa engu að síður mikla þekkingu á málum. Hann segist ekki muna eftir ágreiningsmálum innan nefndarinnar og að aldrei hafi þurft að grípa til atkvæðagreiðslu. Skólanefndarmenn séu hins vegar ófeimnir við að gera athugasemdir og koma með ábendingar eins og þeim ber.⁷¹

⁶⁴ Már Vilhjálmsson. (2014).

⁶⁵ *Sjálfsmatsskýrsla 2012–2013*. (2013), bls. 37.

⁶⁶ *Starfsmannakönnun MS vorönn 2013*. (2013). Gögn frá aðstoðarskólameistara.

⁶⁷ *Sjálfsmatsskýrsla 2012–2013*. (2013), bls. 39.

⁶⁸ Hjördís Þorgeirsdóttir. (2014). Bréf til úttektaaðila, dags. 2.5.

⁶⁹ *Stofnun ársins 2013*. (2013).

⁷⁰ *Skólanefnd*. (2012).

⁷¹ Már Vilhjálmsson. (2014).

6.2 Skólaráð

Í skólaráði sitja sex fulltrúar, rektor, kennslustjóri, sem skipuleggur og boðar fundi ráðsins og skrifar fundargerðir, tveir kennarar og tveir nemendur. Ráðið fundar að jafnaði einu sinni í viku. Það fjallar einkum um mál er varða samskipti nemenda og yfirstjórnar. Fulltrúar kennara og nemenda eru kosnir til eins árs í senn. Fundargerðir skólaráðs eru varðveittar innan skóla en ekki birtar opinberlega.

6.3 Rekstur skólans

Í nýútkominni skýrslu Ríkisendurskoðunar um rekstrarstöðu og reiknilíkan framhaldsskóla segir að rekstrarvanda framhaldsskólanna megi einkum rekja til þess að árleg framlög ríkissjóðs hafa dregist saman undanfarin ár vegna minnkandi tekna ríkissjóðs. Umfang skólastarfs eða áherslur hafa hins vegar ekki breyst til samræmis. Á tímabilinu 2008 til 2012 rýrnuðu framlög til framhaldsskóla að meðaltali um 12,7%. Þó að útgjöld skólanna hafi einnig lækkað verulega dugir það ekki til að mæta þessu.⁷²

Menntaskólinn við Sund hefur verið rekinn á núllinu flest ár frá síðustu aldamótum. Sum árin með smá hagnaði og önnur með lítils háttar mínus og þá hefur verið gengið á höfuðstólinn. Í heild hefur skólinn haldið sig innan ramma fjárlaga og hvorki hafa verið gerðar athugasemdir af Ríkisendurskoðun við reksturinn né hvernig tekið hefur verið á einstökum málum. Skólinn var hins vegar rekinn með umtalsverðum halla skólaárið 2012–2013 en hefur rétt hann af þó ekki hafi tekist að greiða til baka það sem fór úrskaiðis.

Um þennan og annan rekstrarvanda eftir hrun hefur endurtekið verið fjallað í ársskýrslum og allitarleg greining var sett fram af þáverandi rektor í ársskýrslu fyrir árið 2012. Þar segir að rekstrarhalli þess árs hafi verið samtals kr. 22.515.620 og neikvætt eigið fé fyrsta janúar 2013 kr. 14.314.401. Síðan segir:

Undanfarin ár hefur verið gripið til margvíslegra aðgerða til að mæta hagræðingarkröfum hins opinbera og hafa þær samanlagt haft verulega neikvæð áhrif á skólastarfið, gera okkur alls ekki kleift að veita jafn góða þjónustu við nemendur og áður og vinnuálag hefur stórauðist hjá kennurum. ... [Kennarar segja álag hafa stórauðist] sem orsakist af fjölgun nemenda í bekkjum, niðurskurði á ljósritunarþjónustu, ófullnægjandi tölvuaðstöðu og niðurskurði í aðföngum til kennslu. ... Ljóst er að mikillar og vaxandi óánægju gætir hjá kennurum með kjör sín og starfsskilyrði. Við upplifum meiri þreytu, minnkandi starfsánægju og neikvæðari viðhorf gagnvart fyrirhuguðum breytingum 2015 í kjölfar nýrra framhaldsskólalaga frá 2008.⁷³

Rektor rekur síðan helstu aðgerðir sem skólinn hefur gripið til á síðustu árum til þess að mæta lækandi fjárframlögum og hagræðingarkröfum:

- Lækkun á launagreiðslum hefur náðst, m.a. með fækkun um tvö stöðugildi á þjónustusviði, minni verkefnisstjórn, yfirvinnuþaki og lækkun á yfirvinnugreiðslum til stjórnenda.
- Stofnanasamningar við BHM og SFR hafa ekki verið endurskoðaðir nema til að raða nýjum þjónustufulltrúa til launa. Hann sinnir hálfu starfi á bókasafni (áður fullt starf) og hálfu starfi á skrifstofu (áður fullt starf).
- Námsframboð hefur verið skorið niður. Málabraut ekki verið í boði síðan 2009. Skiptitímar í eðlisfræði, efnafræði, líffræði og stærðfræði voru lagðir niður 2009.

⁷² *Rekstrarstaða og reiknilíkan framhaldsskóla*. (2014), bls. 3.

⁷³ *Ársskýrsla 2012*. (2013), bls. 17.

- Fjölda valgreina hefur verið haldið í lágmarki síðan 2009 og áhersla lögð á mjög góða hópanýtingu.
- Hlutfall vikulegra kennslustunda á hvern nemanda var um 1,4 árið 2012 eins og þrjú árin þar á undan en 2008 var hlutfallið 1,7 og var 1,8 og 1,9 fyrir einum áratug.
- Meðalbekkurinn hefur stækkað úr 22,6 nemendum í 25,3 nemendur. Hópanýtingin hefur verið yfir 100% síðustu þrjú ár.
- Engin ný húsgögn verið keypt síðustu ár og nánast engin endurnýjun á tækjum, mikill niðurskurður á fjárveitingum til bókasafnsins, mjög lítil endurnýjun á tölvum í vinnuherbergjum kennara og kennslustofum og engar nýjar tölvur keyptar fyrir tölvustofur nemenda en tilflutningur hefur verið á tölvum milli rýma í skólanum. Mjög lítil endurnýjun hefur verið á öðrum kennslutækjum.
- Minni ræsting hefur verið og samningar endurnýjaðir til að draga úr kostnaði.
- Samningar við ýmsa aðra þjónustuaðila verið endurskoðaðir frá 2008 með lækkun að markmiði frá 2008.
- Fyrirtækjaþjónusta Íslandspósts var sagt upp haustið 2012. Skrifstofuvörur skornar mikið niður, t.d. engar möppur keyptar 2012, pappírsgjald nemenda hækkað haustið 2012 og ljósritunarþjónusta skorin niður.

Við þetta má bæta að þjónustufulltrúinn sinnti hálfu starfi á bókasafni skólans til ársloka 2013 en þegar hann hætti störfum og nýr fulltrúi var ráðinn var sá hluti starfsins felldur niður og því borið við að vegna tímabundinnar tvískiptingar skólans (Gnoðarvogur – Faxafen) sé aukið álag á skrifstofu sem þurfi að mæta með því að flytja allt starfshlutfallið þangað. Þessi breyting var gerð að bókasafnsfræðingi skólans forspurðum og er hann mjög óánægður með að missa hálfan starfsmann bóotalaust enda er nú enginn til þess að sinna afgreiðslu auk hans. Ekkert hefur verið rætt um að þessi ráðstöfun gangi til baka þegar byggingarframkvæmdum lýkur og bókasafnið flyst í nýtt og rúmbetra húsnæði.

Hluta af rekstrarvandannum árið 2012 má rekja til þess að óvenju mikið var um langtímaforföll kennara sem ekki fengust bætt. Minna var um þess háttar forföll árið 2013 og harður niðurskurður leiddi til þess að nokkuð tókst að rétta úr kútnum svo reksturinn varð hallalaus. Hins vegar er að mati núverandi rektors útilokað að greiða uppsafnaðan vanda niður nema með sérstökum fjárveitingum og að í reynd sé „búið að kippa rekstrargrundvelli undan skólanum með niðurskurði undanfarinna ár sem og með ýmsum tilfærslum fjármagns í reiknilíkani framhaldsskóla.“⁷⁴ Hann benti jafnframt á í samtali við úttektaraðila að frá 2007 hafi verið fækkað í starfslíði skólans um fast að því tíu stöðugildi, flest í kennslu en einnig í stoðdeildum skólans eins og þegar hefur komið fram.

Í þessu samhengi er vert að minnast á að í könnun sem Ríkisendurskoðun gerði meðal stjórnenda í framhaldsskólum kom fram mikil vantrú og beint vantraust á reiknilíkanið sem notað er til þess að deila fjármunum til skólanna.⁷⁵

Að sögn rektors hefur skólinn boðið upp á ákveðna árangurstengingu launa. Allt að 2–3 m.kr. á ári hefur verið varið í árangurstengingu sem þessa. Kennarar sækja um og fá launaröðun á grundvelli árangurs og geta þannig fengið allt að 10% launahækkun. Launaröðunin dettur svo út eftir ákveðið tímabil. Samstarfsnefnd stjórnenda og kennara innan skólans fer yfir umsóknir og úthlutar og hefur verið góð samstaða um afgreiðslu mála. Sökum niðurskurðar hefur skólinn orðið að skera hluta árangurstengingarinnar niður og segir rektor það mjög miður.

⁷⁴ *Ársskýrsla 2013*. (2014), bls. 14.

⁷⁵ *Rekstrarstaða og reiknilíkan framhaldsskóla*. (2014), 3. kafli.

6.4 Mat úttektaraðila

- Skipurit skólans er skýrt en að sumu leyti úrelt. Það þarf að uppfæra.
- Stjórnunarstöðum og helstu hlutverkum stjórnenda er skipulega lýst í skólanámskrá.
- Staða fjármálastjóra gagnvart yfirstjórn annars vegar og þjónustusviði hins vegar er fremur óljós.
- Skipuritið bendir til þess að dreifstýring sé allmikil í MS en um það er augljós ágreiningur í starfsmannahópnum. Nauðsynlegt er að opinská og hreinskiptin umræða fari fram um stjórnunaraðferðir og ákvarðanatöku innan skólans.
- Nýta þarf sjálfsmat með skilvirkari og gagnsærri hætti um samskipti og stjórnunarhætti en nú er gert.
- Birta þarf fundargerðir skólanefndar með skipulegum hætti.
- Fjárhagsörðugleikar hafa haft margvísleg neikvæð áhrif á starfsemi MS eftir hrun sem meðal annars hafa komið niður á þjónustustigi gagnvart nemendum sem kennurum. Nauðsynlegt er að koma fjármálum skólans í jafnvægi.
- Stjórnendur MS hafa opinberlega gert ítarlega grein fyrir hagræðingar-/sparnaðaraðgerðum innan skóla síðustu ár.

7 Skólabragur og samskipti

Skólabragur í MS er einstaklega góður að mati rektors. Góður andi og jákvætt andrúmsloft ríki í skólanum. Hann segir æðstu stjórnendur ólíka en eiga gott samstarf. Það breikki stjórnendahópin sem sé jákvætt fyrir skólann. Stjórnendur geta haft ólíka sýn og tekist á um leiðir án þess að það komi niður á samstarfi.

Almennt virðist viðhorf nemenda til skólans jákvætt og þeim virðist líða vel í skólanum. Gott að vera í MS, sögðu nemendur sem rætt var við, mikið af viðburðum í félagslífinu og nemendur taka þátt í því. MS hefur þetta orð á sér út í frá. Nemendur kváðust hafa þekkt tiltölulega fáa í skólanum þegar þeir hófu nám en hefur tekist vel að kynna. Þeir segjast ekki verða varir við einelti í skólanum þótt örugglega fari einhverjir einir. Nemendur segjast ekki hafa mikil samskipti við umsjónarkennara, vita jafnvel ekki hver hann er. Engin einstaklingsviðtöl séu af hans hálfu við nemendur. Þá virðast nemendur ekki átta sig vel á hverjir skipa yfirstjórn skólans sem þeir segjast lítið þurfa að leita til.

Á fundi sjálfsmatshóps með bekkjartenglum, sem eru fulltrúar nemenda úr hverjum bekk, kom fram að allir voru sammála um að þeim líkar mjög vel í skólanum og að bekkjarandi sé góður en erfitt geti verið að halda aga í stórum bekkjum og það komi niður á námi. Sögðu eldri nemendur af eigin reynslu stóran mun á að vera í minni bekkjum þar sem betra næði sé til vinnu og betri tengsl við kennarann. Helsta styrkleika skólans telja nemendur vera félagslífið.⁷⁶

Að mati nemenda hafa húsnaðisaðstæður verið skólanum erfiðar og steininn tekið úr veturinn 2013–2014 sökum framkvæmda við nýbyggingu og ýmislegt hefði betur mátt fara við framkvæmdirnar. Sökum þeirra hafa nemendur þurft að fara á milli staða, Gnoðarvogs og Fensala, og hafa nemendur ýmislegt út á það að setja.⁷⁷ Fram kom í viðtali við stjórn nemendafélagsins og félagsmálafulltrúa skólans að stemmingin innan skóla hafi verið öðru vísi vegna þess hversu skiptur skólinn er og ekki náðst sú samstaða sem áður ríkti.

Að sögn stjórnar nemendafélagsins komast nemendur upp með að mæta lítið. Sögðu þeir dæmi af skólafélögum sem komnir voru undir 30% mætingu án þess að nokkrar aðgerðir virtust uppi af hálfu skólans. Nemendur telja það hins vegar ekki hlutverk nemendafélagsins að stuðla að því að breyta þessum kúltúr. Það hafi aldrei verið hlutverk þess að hvetja til náms en það vanti e.t.v. einhverja jafningjafræðslu. Það sé ekki fyrir hvern sem er að koma úr nemendahópnum og fara að tala um fyrir skólafélögum sem fulltrúi skólans (postuli). Stjórn félagsins vill þó reyna að vera fyrirmynd annarra nemenda.

Að mati kennara er skólinn á mjög alvarlegri leið hvað þetta varðar. Nemendur mæta yfirleitt mjög vel til að byrja með en eftir áramót fer að falla undan og dregur úr mætingum. Eykst svo eftir því sem lengra líður á skólagönguna. Viðbrögð stofnunarinnar séu hins vegar mjög veik.

Meðal skilgreindra meginmarkmiða skólastarfsins undanfarið er að efla umræður um lýðræðisleg vinnubrögð, meðal annars með því að stuðla að almennum umræðum á starfsmannafundum og hlusta á raddir nemenda. Um þessi og fleiri markmið er fjallað í sjálfsmatsskýrslu 2012–2013 og meðal efnisatriða sem eru tilgreind má nefna eftirfarandi:⁷⁸

- Kennarar eru hvattir til að nýta samræður sem námsaðferð.
- Á próftíma er nemendum boðin aðstaða til samvinnu og samræðna.

⁷⁶ Fundur sjálfsmatshóps MS með bekkjartenglum 31. október 2013.

⁷⁷ Sama heimild.

⁷⁸ *Sjálfsmatsskýrsla 2012–2013*. (2013), bls. 27–28.

- Lífsleiknikennarar unnu þróunarverkefni um vikulegar samræður í anda sókratískrar aðferðar.
- Haldnir eru samræðufundir starfsmanna í lok haust- og vorannar þar sem rætt er um málefni sem helst brenna á kennurum.
- Fundir eru haldnir með bekkjartenglum nemenda, stjórnendur heimsækja bekki og gerðar eru kannanir.
- Samráð er haft við stjórn nemendafélagsins og leitað eftir þátttöku nemenda í sem flestum starfshópum.
- Í gegnum starfendarannsóknir kennara er hlustað á raddir nemenda því leitað er álitis þeirra á nýjungum í námi og námsmati með spurningalistum, viðtölum og umræðum.

Að sögn konrektors og kennslustjóra er unnið skipulega að því innan starfsmannahópsins að halda ákveðnum skólabrag með samræðu og því að fá fólk til að gera eitthvað saman í frístundum. Með því eykst samkennd og samstaða. Alls konar hópar hittast, s.s. hjólaklúbbur, leiklistarklúbbur, íþróttaklúbbur, fjallaklúbbur, foreldraklúbbur. Hin almenna regla er að mikil hlýja ríkir milli kennara og nemenda. MS á sinn skólasöng sem sunginn er við brautskráningu nemenda en er ekki mikið notaður annars.

7.1 Heilsueflandi framhaldsskóli

MS tekur þátt í verkefninu Heilsueflandi framhaldsskóli sem er skipulagt sem fjögurra ára verkefni. Fyrsta árið, 2011–2012, var fjallað um næringu og í samræmi við það hefur skólinn lagt áherslu á að auka framboð á hollum mat í skólanum. Ákveðið var í samráði við stjórnendur mötuneytis MS að auka framboð á hollum réttum í mötuneyti starfsmanna. Í Kattholti, matsölu nemenda, urðu breytingar á framboði í tengslum við heilsueflandi skóla og úrval hollra rétta aukið.

Annað ár skólans í verkefninu, 2012–2013, var áhersla lögð á hreyfingu. Starfsfólk MS hefur um nokkurra ára skeið tekið þátt í átaki til að auka hreyfingu, bæði í Lífshlaupinu og Hjólað í vinnuna. Þessi verkefni hafa stuðlað að umræðum um gildi hreyfingar og haft áhrif til að auka hana. Lífshlaupið var útvíkkað til nemenda en mjög fáir skráðu sig til þátttöku. Á þemadögum haustið 2012 og vorið 2013 buðust nemendum fjölmörg tækifæri til hreyfingar og sérstaklega var dagskráin á vorönn fjölbreytt en hún var skipulögð af átakshópnum um heilsueflandi framhaldsskóla í samstarfi við líkamsræktarstöðvar og íþróttafélög í nágrenni MS. Í janúar og febrúar 2013 var nemendum og starfsmönnum boðið upp á zumba og dans á vegum Háskóladansins alla fimmtudaga.

7.2 Mat úttektaraðila

- Nemendum þykir vænt um skólann og eru stoltir af honum.
- Félagslíf í MS er rómað og dregur til sín umsækjendur um skólavist.
- Samskipti nemenda og kennara eru góð en samskipti nemenda og yfirstjórnar eru að jafnaði lítil.
- Núverandi skipting skólans (Gnoðarvogur – Faxafen) hefur neikvæð áhrif á skólabrag þessi misserin.
- Miklar fjarvistir nemenda úr tímum hafa neikvæð áhrif á skólabrag og ímynd MS.
- Verkefnið Heilsueflandi framhaldsskóli hefur skilað nokkrum árangri í MS.

8 Innra mat

Sjálfsmat hefur verið gert reglulega í MS um alllangt árabíl og á heimasíðu skólans eru birtar sjálfsmatsskýrslur frá árinu 2007. Sjálfsmatsáætlun sem er byggð á skólanámskrá og sjálfsmatsstefnu skólans er gerð til þriggja ára í senn og birt á heimasíðu skólans. Einnig er sett fram tímaáætlun fyrir hvern sjálfsmatsþátt.⁷⁹ Gildandi sjálfsmatsstefna er birt í skólanámskrá og þar segir að hún byggji „á þeirri skoðun að allt starf í skólanum sé breytingum háð.“ Skólastarfið skuli meta „reglulega á grundvelli markmiða skólans til að draga fram sterkar og veikar hliðar þess og skapa grundvöll til úrbóta.“ Með því móti leitist „skólinn við að læra af reynslu sinni. Markmið og leiðir í sjálfsmati skulu endurskoðuð reglulega og árlega skulu sett fram deilimarkmið varðandi stefnu skólans.“⁸⁰

Sérstakur sjálfsmatshópur starfar að matinu. Verkefnisstjóri hans undanfarin ár hefur verið Ósa Knútsdóttir kennari en auk hennar hafa fulltrúar stjórnenda, kennara og nemenda átt þar fast sæti og stundum fulltrúi af þjónustusviði. Meginreglur að baki matinu hafa verið skilgreindar og eru birtar í skólanámskrá og þar eru einnig tilgreind þau viðfangsefni sem matið tekur til:

- Stefna og markmið skólans.
- Nám, kennsla og námsmat.
- Nýting mannafla, fjármagns og aðstöðu.
- Stjórnun, samskipti og starfsandi.
- Árangur og aðbúnaður nemenda.
- Árangur og aðbúnaður kennara og annarra starfsmanna.
- Tengsl skóla og samfélags.
- Fagleg og félagsleg aðstaða nemenda og starfsmanna.
- Annað.⁸¹

Loks segir um skipulag matsins að það skuli taka mið af heildarhagsmunum skólasamfélagsins og að árlega sé sett fram áætlun fram í tímann. Sjálfsmatshópnum er ætlað að kynna heildarniðurstöður, gera áætlun um úrbætur og taka saman skýrslu um starfið. „Á hverju ári skal leggja áherslu á eitt meginviðfangsefni mats og taka saman tölfræði eða árangursvísa. Störf allra starfsmanna eru metin reglulega. Kennarar og aðrir starfsmenn eru hvattir til að nota sjálfsmat í starfi sínu. Stefnt er að því að starfið innan námsgreina sé metið reglulega.“⁸²

Sjálfsmatsskýrsla fyrir skólaárið 2012–2013 er liðlega fimmtíu síðna skjal. Aðalkaflar hennar auk inngangs og lokaorða eru þessir: Markmið í skólasamningi og mat á því hvernig tókst að vinna að þeim; Aðgerðaráætlun og mat á því hvernig skólinn vann að settum markmiðum; Kannanir; Árangur nemenda; Námssamfélag starfsmanna. Mestu rými er varið í mat á markmiðum í skólasamningi, tæplega tuttugu síðum, og samkvæmt matsskýrslunni náðust flest þeirra markmiða sem stefnt var að. Í kaflanum um aðgerðaráætlun skólaársins 2012–2013 er greint frá 28 tölusettum liðum/markmiðum sem stefnt var að og samkvæmt matsskýrslunni var unnið að þeim öllum og settum markmiðum náð í miklum meirihluta tilvika. Í kaflanum um kannanir er greint frá þeim könnunum sem lagðar voru fyrir nemendur og starfsfólk á skólaárinu en aðeins er greint frá niðurstöðum fárra spurninga og hvað stjórnendur varðar kemur alls ekkert fram um niðurstöður. Innan skóla er litið á þær sem einkamál þeirra og úrvinnsluaðila. Þá má nefna að úttektaraðilum var tjáð að niðurstöður

⁷⁹ *Sjálfsmatsskýrsla 2012–2013*. (2013), bls. 3.

⁸⁰ *Ratsjá*. (2013), bls. 13.

⁸¹ Sama heimild, bls. 13–14.

⁸² Sama heimild, bls. 14.

þjónustukönnunar á vormisseri 2013 hefðu enn ekki verið kynntar öllum hlutaðeigandi þótt sagt sé í skýrslunni að það verði gert á haustmisseri sama árs.

Áður hefur verið vitnað til kaflans um námsárangur nemenda og kaflinn um náms- samfélag starfsmanna greinir frá starfendarannsóknum, endurmenntun og þróunarverkefnum. Á þau hefur einnig verið minnst fyrr í þessari skýrslu.

Í lokaorðum sjálfsmatsskýrslunnar dregur höfundur hennar, Hjördís Þorgeirsdóttir konrektor, saman nokkra þræði:

Sjálfsmat er tæki til skólaþróunar og í Menntaskólanum við Sund leggjum við áherslu á fjölbreyttar sjálfsmatsaðferðir, bæði meginlegar og eigindlegar aðferðir með virkri þátttöku starfsfólks og nemenda. Að hluta til er sjálfsmatið í föstum skorðum en einnig eru nýjungar prófaðar til að þróa það áfram. Á síðasta skólaári var rýnihópur nemenda um námsmat kallaður saman, hugmyndakassi fyrir ábendingar um nýjungar og það sem betur má fara opnaður á Námsnetinu og þjónustukönnun gerð meðal nemenda. Öflugt námssamfélag er í MS og á þessu ári beindist athyglin sérstaklega að samvinnunámi og námsmati.⁸³

Ein þeirra kannana sem lagðar voru fyrir skólaárið 2012–2013 var árleg starfsmanna- könnun um vorið þar sem 74% þátttaka varð. Niðurstöður slíkra kannana eru allar kynntar árlega á starfsdögum haustannar af sjálfsmatsstjóra og settar til kynningar á námsnetið. Hluti þeirra kemur fram í sjálfsmatsskýrslu en þær eru ekki sundurliðaðar eftir starfssviðum innan skóla. Konrektor sendi frekari greiningu gagnanna til úttektaðila og þar koma ýmis áhugaverð efnisatriði fram. Af þeim sem ekki hafa þegar verið nefnd má nefna eftirfarandi:

- 86% telja samstarfsfólkið jákvætt og hvetjandi.
- 46% eru ánægð með starfsmannamötuneytið en 30% eru beinlínis óánægð.
- 49% telja að lítil sem engin breyting hafi orðið á matnum í mötuneytinu við það að skólinn varð heilsueflandi framhaldsskóli, 43% eru hlutlaus.
- 68% segja að sér hafi alltaf eða mjög oft liðið vel í vinnunni um veturinn og 22% segja oft.
- Allir voru ánægðir með námsferð til London í febrúar, flestir mjög ánægðir.
- 93% töldu ferðina hafa veitt sér mikla eða frekar mikla innsýn í skólamála og flestir töldu hana hafa bætt starfsandann í skólanum.
- Mikil ánægja var með jafnréttisdag MS.
- Þrjár spurningar fjalla um breytingar í kringum prófahald vorið 2013 og var góður meirihluti ánægður með þær nema hvað notkun textalesara virðist ekki hafa notið almennrar hylli því helmingur svarenda tók ekki afstöðu til spurningar þar um.
- Mikil óánægja kom fram með skerta þjónustu við fjölrítun.
- 68% segjast alltaf eða mjög oft hafa aðgang að þeim búnaði og tækjum sem þarf að nota í kennslustundum, 20% segja oft og 11% sjaldan.
- 23 segjast ánægðir með vinnuaðstöðu sína en 13 svara þeirri spurningu neitandi. Flestir kvarta undan slökum tölvubúnaði en af jákvæðum atriðum má nefna góða vinnufélaga.⁸⁴

⁸³ *Sjálfsmatsskýrsla 2012–2013*. (2013), bls. 49.

⁸⁴ Hjördís Þorgeirsdóttir. (2014). Bréf til úttektaðila, dags. 2.5.

8.1 Starfsmannasamtöl

Í sjálfsmatsáætlun MS 2012–2015 kemur fram að rektor áformaði að taka starfsmannaviðtöl við nýja kennara á vorönn 2013 og aftur á vorönn 2015. Önnur starfsmannaviðtöl eru sett á vorönn 2014.⁸⁵ Annað kemur ekki fram um framkvæmd viðtalanna né heldur hvort viðtölunum á vorönn 2014 var ætlað að ná til allra starfsmanna annarra en nýrra kennara.

Í samtali við rýnihóp kennara kom fram að starfsmannasamtöl yfirmanna við almenna starfsmenn tíðkast lítið í skólanum. Þetta segja kennarar að sé miður því slík samtöl eru réttur hvers starfsmanns og um þau er farvegur til þess að koma mismunandi sjónarmiðum á framfæri.

8.2 Mat úttektaraðila

- Sjálfsmatsstefna MS er birt í skólanámskrá og sérstakur sjálfsmatshópur undir stjórn verkefnisstjóra starfar að matinu.
- Sjálfsmatshópurinn speglar breidd skólasamfélagsins allvel því í honum sitja fulltrúar stjórnenda, kennara og nemenda og stundum fulltrúi af þjónustusviði.
- Foreldrar virðast hvorki hafa aðkomu að innra mati skólans né heldur eru niðurstöður þess kynntar í foreldraráði.
- Meginreglur að baki sjálfsmatinu eru skilgreindar og birtar í skólanámskrá ásamt þeim viðfangsefnum sem matið tekur til.
- Birta þarf niðurstöður úr sjálfsmati með kerfisbundnari og nákvæmari hætti en verið hefur og þær þurfa meðal annars að taka til allra starfseininga, þ.e. kennslu, þjónustu og stjórnunar auk árangurs og líðanar starfsmanna sem nemenda.
- Skólinn nýtir á sjálfsmatið sem tæki til skólaþróunar.

⁸⁵ *Sjálfsmatsskýrsla 2012–2013*. (2013), bls. 3.

9 Foreldrasamstarf og ytri tengsl

Foreldraráð starfar við skólann í samræmi við ákvæði laga um framhaldsskóla (nr. 92/2008), stofnað í janúar 2009. Í lögum félagsins segir að tilgangur þess sé að stuðla að auknum gæðum skólans og leitast jafnframt við að bæta skilyrði og aðstæður einstakra nemenda til menntunar og almenns þroska. Markmiðum sínum hyggst ráðið ná með því meðal annars að:

- Stuðla að aukinni vitund foreldra/forráðamanna um forsjárskyldur sínar og þekkingu á réttindum og skyldum sínum og barna þeirra.
- Vera samráðs- og samstarfsvettvangur foreldra/forráðamanna sem starfar í fullu samráði við stjórn nemendafélags, félagsmálafulltrúa og forvarnarfulltrúa.
- Auka sýnileika og nánd foreldra/forráðamanna sem veiti öllum hlutaðeigandi stuðning í skólastarfinu.
- Koma á, efla og tryggja gott samstarf foreldra/forráðamanna og starfsfólks.
- Hvetja til stuðnings og hvatningar foreldra/forráðamanna við börn sín og nám þeirra.
- Vera bakhjarl skólans og auka áhrif foreldra/forráðamanna sem hagsmunahóps um bætta hag og stöðu skólans.
- Standa vörð um réttindi nemenda til menntunar og farsæls þroska.⁸⁶

Í upphafi hvers árs boðar skólinn til fundar með foreldrum og er þá reynt að fá fólk til starfa í foreldraráði. Að sögn formanns ráðsins gengur það mjög erfiðlega. Þeir fjórir til fimm sem mæta á fundi eru munstraðir í embætti á vegum félagsins. Það hefur ekki aðgang að netföngum foreldra og því er leitað til skrifstofu skólans um fundarboð. Stjórnin hittist að jafnaði einu sinni í mánuði. Forvarnarmál eru langstærsta umfjöllunarefnið. Vilji ráðsins stendur til að gera meira til forvarna en það strandar á fjármagni. Á vorönn 2013 stóð foreldraráðið fyrir því að hafa foreldravakt fyrir utan skóladansleiki MS og hélt því áfram á haustönn 2013. Að sögn formannsins gengur vel að manna vaktina og batnar sífellt. Foreldraráð heldur úti fésbókarsíðu þar sem foreldrar geta bryddað upp á umræðuefnum er varða skólann.

Ritun fundargerða foreldraráðs er ábótavant að sögn formanns og ekki er gengið frá formlegri dagskrá fyrir fundi ráðsins. Skólastjórnendur eru ekki með á fundum nema þess sé óskað. Haldnir eru fundir í skólanum á hverri önn með foreldrum nemenda á fyrsta ári og einnig eru haldnir sérstakir fræðslufundir fyrir foreldra þar sem fjallað er um afmarkaða þætti skólastarfsins. Við skólann hefur verið starfrækt sérstakt samskiptanet foreldra (foreldranet) þar sem foreldrar geta skipst á ráðum og stutt hvert annað.

Foreldraráð á áheyrnarfulltrúa í skólanefnd. Formaður foreldraráðs er fulltrúi foreldra í nefndinni. Kennslustjóri er tengiliður skólans við foreldraráð en samskipti eða tengsl stjórnenda skólans og stjórnar foreldraráðs virðast lítil. Að mati formanns vantar að skólinn virki foreldraráð til samstarfs um góð mál. Engin samræða hefur verið við foreldraráð um stefnumið skólans eða stefnumótun. Þá hefur ekkert verið rætt við ráðið um nám eða námsskipulag. Takmarkað upplýsingaflæði frá skóla til foreldra brennur á foreldrum eins og umræður á fésbókarsíðu ráðsins bera vott um. Foreldraráð hefur að sögn formanns kallað eftir upplýsingum en stjórnendur sjá ekki ástæðu til að bregðast við. Þá hefur foreldraráð ekki fengið kynningu á skólasamningi eða ýmsum áformum af hálfu skóla. Engir fundir hafa verið boðaðir með foreldrum af hálfu umsjónarkennara og að mati foreldra er ákveðin formleysa í kringum námsnetið. Þangað koma til dæmis ekki allar kennsluáætlanir. Óánægja foreldra með notkun námsnetsins hefur verið rædd á fundum ráðsins en sú umræða hefur ekki náð lengra.

⁸⁶ *Lög foreldraráðs Menntaskólans við Sund. [Án árs].*

9.1 Tengsl við stofnanir

Menntaskólinn við Sund og Vogaskóli eru í raun húsnæðislega samvaxnir. Þeir hafa samstarf á ýmsum sviðum með það að markmiði að auka þekkingu á milli skólanna og gefa nemendum og kennurum tækifæri til samstarfs í tengslum við skipulagða verkefnavinnu. Hefðbundið er að stjórnendur fundi saman og þá felst samvinna nemenda skólanna í því að nemendur MS leggja verkefni fyrir yngstu nemendur Vogaskóla á evrópska tungumáladeginum og nemendur miðstigs koma í heimsókn í MS á stærðfræðideginum og vinna verkefni með nemendum MS.

Skólaárið 2012–2013 stóðu skólarnir sameiginlega að fundum og kynningum meðal starfsfólks. Kennarar úr MS kynntu á fræðslufundi starfsmanna í Vogaskóla starfendarrannsóknir og eigin reynslu við notkun slíkra þeirra og þá kynntu starfsmenn Vogaskóla ásamt tveimur nemendum notkun lesbretta í íslenskukennslu og *Skólamöppu*, handbók fyrir umsjónarkennara. Þá var haldinn samráðsfundur íslenskukennara í MS og Vogaskóla á vorönn 2013. Á þessu ári (2014) var einnig í fyrsta skipti haldinn sameiginlegur fundur með fulltrúum öryggismála skólanna.⁸⁷

Auk þessa samstarfs nágrannaskólanna á MS í faglegu samstarfi við menntavísindasvið HÍ um leiðsagnarkennslu kennaranema og við stærðfræðikennara við Langholtsskóla um verkefnavinnu yngri nemenda. Íslenskukennari MS kom á samstarfi við hjúkrunarheimilið Mörkina vegna verkefnis um þróun íslensks máls og lífsleiknikennarar voru í samstarfi við Langholtskirkju um fræðslu um sorgarviðbrögð. Einnig var MS í samstarfi við líkamsræktarstöðvar og íþróttafélög í nærsamfélaginu um dagskrá á þemadegi bæði á vorönn og haustönn 2013. Þá opnuðu þessir aðilar aðstöðu sína og veittu ókeypis aðgang og fræðslu um starfsemi sína.⁸⁸

Áður hefur verið rætt um samstarf við BUGL og aðra ytri aðila um aðild að áfallateymi og sama er um samstarf við ytri ráðgjafa fyrir kennara vegna starfendarannsókna, en ótalið er samstarf við Guðrúnu Pétursdóttur félagsfræðing vegna samvinnunáms.

9.2 Mat úttektaraðila

- Markmið foreldraráðs eru vel skilgreind.
- Þátttaka foreldra í starfi ráðsins er lítil.
- Foreldrar hafa lítil áhrif á stefnumótun skólans að öðru leyti en því sem fæst með setu fulltrúa foreldraráðs í skólanefnd og þátttaka þeirra er lítil í skólastarfinu.
- Forvarnarmál eru helstu viðfangsefni foreldraráðs.
- Rita þarf og birta fundargerðir foreldraráðs með skipulegum hætti.
- Bæta þarf upplýsingastreymi, t.d. þarf foreldraráð að funda reglulega með fulltrúum sínum í ráðum og stjórnnum skólans um helstu viðfangsefni.
- Góð samvinna er á milli MS og Vogaskóla og nokkurt samstarf er við aðra skóla, stofnanir og/eða einstaklinga.
- Ástæða er til að leita eftir formlegu samkomulagi við heilsugæslustöð í nágrenni MS.

⁸⁷ *Sjálfsmatsskýrsla 2012–2013*. (2013), bls. 18.

⁸⁸ *Ársskýrsla 2013*. (2013), bls. 19

10 Niðurstöður

MS er hreinn bóknámsskóli með bekkjarkerfi. Um langan tíma hefur skólinn búið við þröngan húsakost en langþráðar framkvæmdir við nýbyggingu hófust haustið 2013. Byggt er nýtt húsnæði við eldra og þess vegna hafa eldri byggingar eða húshlutar orðið að víkja og ýmsir erfiðleikar hlotist af. Skólinn hefur það markmið að bjóða nemendum góða þjónustu og fyrsta flokks nám óháð því á hvaða námsbraut þeir eru. Sérstök áhersla hefur verið lögð á að skólinn sé í fremstu röð hvað varðar náttúrufræðikennslu. Lengst af voru námsbrautir skólans þrjár, félagsfræðabraut, náttúrufræðibraut og málabraut, en nú hefur málabraut verið lögð af vegna dræmrar aðsóknar. Því eru einungis tvær námsbrautir til boða við skólann, félagsfræðibraut og náttúrufræðibraut en þær deilast niður í sex kjörsvið á þriðja og fjórða námsári. Þau eru:

- Félagsfræði
- Stjórn málafræði
- Hagfræði
- Líffræði
- Umhverfi
- Eðlisfræði

Frá aldamótum hefur meðalfjöldi nemenda verið um 750 og hlutfall kynja tiltölulega jafnt. Á skólaárinu 2013–2014 voru nemendur 741 á aldursbilinu 16–21 árs. Tiltölulega fáir nemendur velja MS sem fyrsta val við innritun í framhaldsskóla en langstærstur hlutinn setur skólann sem annan valkost og er MS sá skóli sem oftast er nefndur sem varaval í umsóknum nemenda um framhaldsskóla, þ.e. settur í annað eða þriðja sæti. Meðaleinkunn innritaðra í skólann 2013 var rétt rúmlega 8. Eftir sem áður er skólinn þó með svólítinn hóp nemenda sem eru settir í hægferðir í áfangakerfinu. Það kallar á sérstaka faglega nálgun og stuðning. Þá býðst nemendum með sértæka námsörðugleika, s.s. lestrarörðugleika, ýmiss konar þjónusta sem þeir geta leitað eftir hjá náms- og starfsráðgjöfum. Óvenjuleg þróun varð í nemendafjölda MS árin 2008–2012 í samanburði þróun nemendafjölda í framhaldsskólum á landinu öllu. Milli árána 2009 og 2010 fækkaði í framhaldsskólum á landinu öllu en árið 2010 stóð nemendatala MS í ákveðnu hámarki, hafði fjölgað jafnt og þétt frá 2008. Eftir það fækkaði að nýju í skólanum og árið 2012 fór nemendatalan undir meðaltal árána 2008–2012. Skólinn er fjarri því að vera hverfissskóli eins borgarhluta í Reykjavík því nemendur koma víða að af höfuðborgarsvæðinu, flestir úr Grafarvogs- og Árbæjarhverfi. Skólinn tekur nemendur inn á grundvelli einkunna. Á árabilinu 2008–2013 brautskráði MS 859 stúdenta, 391 af félagsfræðabraut, 376 af náttúrufræðibraut og 92 af málabraut. Vorið 2013 brautskráði skólinn 159 nýstúdenta, 90 stúlkur og 69 pílta.

Allir kennarar skólans, 53 að tölu, eru með kennsluréttindi og annast kennslu í þeim greinum sem þeir hafa menntun til. Meirihluti kennara hefur lokið meistaraþrófi í kennslugrein sinni eða doktorsþrófi. Lítil starfsmannavelta hefur verið í MS undanfarin ár og er hlutfall kennara undir 50 ára aldri nokkru lægra en meðal framhaldsskólakennara á landinu öllu.

Markvisst þróunarstarf hefur farið fram innan MS og þar eiga starfendarannsóknir einna lengsta sögu eða frá haustinu 2005. Stofnað hefur verið til námssamfélags kennara í gegnum starfendarannsóknir, fræðslufundi, örnámskeið og þróunarverkefni. Stofnanasamningur hefur verið nýttur til að búa til hvata fyrir starfsþróun með styrkjum til þróunarverkefna og samningi um árangurstengingu launa. Unnið er kerfisbundið að markmiðum skólastarfsins eins og þau birtast í skólasamningi. Á hverju ári eru teknir frá fjármunir af rekstrarfé til að styrkja skólaþróunarverkefni er falla að forgangsverkefnum skólans. Stjórnendur annast úthlutun. Af hálfu skóla hefur talsvert starf verið unnið að þróun samvinnunámsaðferða í

kennslu við skólann og þá hefur verið unnið eftirtektarvert þróunarverkefni um námsmat með styrk úr Sprotasjóði og ítarlegri skýrslu skilað svo og um kynjajafnrétti í MS.

Skólanámskrá MS er aðgengileg og auðvelt að rata um hana út frá efnisyfirliti. Hún er að stofni til tvískipt. Fyrri hluti er almenn lýsing á skólanum, stefnu hans og stjórnun. Greint er frá námsskipulagi og þjónustu, lýst helstu störfum innan skóla og skólareglur kynntar. Í síðari hlutanum eru námsbrauta- og áfangalýsingar. Almennur hluti skólanámskrár MS 2013–2014 er byggður að hluta til á *Aðalnámskrá framhaldsskóla* frá 2011 en einnig er byggt á *Aðalnámskrá framhaldsskóla* frá 1999–2000. Í skólanámskránni er ekkert fjallað um kennsluhætti eða stefnumarkandi áherslur um námsmat hvorki um hlutverk námsmats né mismunandi námsmatsaðferðir. Kennarar eru sjálfráða um kennsluaðferðir en reynt er að samræma áherslur þeirra á milli sem kenna sama námsefni. Engin umfjöllun er um foreldrasamstarf eða hlut foreldraráðs.

Í skólanámskrá er gerð grein fyrir skipuriti skólans og helstu hlutverkum stjórnenda er skipulega lýst. Verður ekki annað séð en að uppbygging stjórnkerfis skólans sé í samræmi við lög, reglugerðir og viðurkennda starfshætti. Rektor segir æðstu stjórnendur ólíka en eiga gott samstarf. Það breikki stjórnendahópinn sem sé jákvætt fyrir skólann. Stjórnendur geta haft ólíka sýn og tekist á um leiðir án þess að það komi niður á samstarfi. Skipuritið bendir til þess að dreifstýring sé allmikil en um það er augljós ágreiningur í starfsmannahópnum og háværar raddir eru um einstefnustjórnun af hálfu yfirstjórnar skólans. Ekki sé hlustað nægjanlega eftir sjónarmiðum starfsmanna og stjórnendur eigi til að taka ákvarðanir án samráðs við þá sem næst vettvangi standa. Ágreiningur er einnig sjáanlegur um hlut nemenda. Í opinberum gögnum skólans er talað um markvissa eflingu samráðs og lýðræðislegrar umræðu en nemendur segja samskipti við rektor lítil og þeir séu lítið hafðir með í ráðum eða virkjaðir við ýmiss konar ákvarðanatöku. Stjórn nemendafélagsins hefur það meginhlutverk að annast félagslíf innan skóla en kemur lítið eða ekki nærri hagsmunagæslu fyrir nemendur.

MS hefur verið rekinn á núllinu flest ár frá síðustu aldamótum nema hvað umtalsverður halli varð skólaárið 2012–2013. Árið 2012 var rekstrarhalli þess árs 22,5 m.kr. og neikvætt eigið fé fyrsta janúar 2013 14,3 m.kr. Samdrætti í fjárveitingum og rekstrarvanda frá hruni hefur m.a. verið mætt með því að fækka í starfslíði skólans frá 2007 um fast að því tíu stöðugildi, flest í kennslu en einnig í stöðdeildum skólans. Fjárhagsörðugleikarnir hafa haft margvísleg neikvæð áhrif sem meðal annars hafa komið niður á þjónustustigi gagnvart nemendum sem kennurum. Stjórnendur MS hafa opinberlega gert ítarlega grein fyrir hagræðingar-/sparnaðaraðgerðum innan skóla síðustu ár.

Almennt virðist ríkja góður skólabragur í MS. Góður andi ríkir og jákvætt andrúmsloft meðal nemenda og kennara. Nemendum líður vel í skólanum og segja bekkjaranda góðan. Þeir segjast ekki verða varir við einelti og auðvelt hafi verið að kynnast skólafélögum. Mikið er af viðburðum í félagslífinu sem nemendur telja helsta styrkleika skólans. Mesti ljóður á skólabrag eru miklar fjarvistir nemenda sem aukast eftir því sem lengra líður á skólagönguna. Kennarar eru ósáttir við þróun mála og saka stjórnendur um viljaleysi til að taka á málum og skýr viðmið skorti um hversu langt nemendur geta gengið að þessu leyti átölulaust. Stjórnendur vilja hins vegar beita jákvæðum aga í stað refsinga án þess að hafa tekist að setja niður viðmið um hvað í því felst og ná sammæli innan stofnunar um beitingu hans. Fyrir vikið stigmagnast óánægja með stöðuna. Annað áhyggjuefni er kemur niður á skólabrag er hækkandi brotthvarf nemenda.

Sjálfsmatsstefna MS er birt í skólanámskrá og sérstakur sjálfsmatshópur undir stjórn verkefnisstjóra starfar að matinu. Sjálfsmatshópurinn speglar breidd skólasamfélagsins allvel því í honum sitja fulltrúar stjórnenda, kennara og nemenda og stundum fulltrúi af þjónustusviði. Fulltrúar foreldra hafa þó ekki enn haft aðkomu að hópnum. Sjálfsmatsáætlun er gerð til þriggja ára í senn. Hún er mótuð af sjálfsmatsstefnu og markmiðum skólans og felur í sér tímaáætlun fyrir hvern sjálfsmatsþátt. Meginreglur að baki sjálfsmatinu eru skilgreindar og

birtar í skólanámskrá ásamt þeim viðfangsefnum sem matið tekur til. Skólinn nýtir sjálfs-matið sem tæki til skólaþróunar og gætt hefur verið að því að meta skilgreind þróunarverkefni í skólanum.

Markmið foreldraráðs eru vel skilgreind en þátttaka foreldra í starfi þess er lítil. Forvarnarmál eru helstu viðfangsefnin. Ritun fundargerða er ábótavant en talsverð umræða fer fram á lokaðri fésbókarsíðu foreldra. Mat foreldra er að auka þurfi upplýsingastreymi frá skólanum til þeirra en jafnframt þurfa fulltrúar í foreldraráði að funda reglulega með fulltrúum sínum í nefndum og stjórnnum skólans um helstu viðfangsefni.

10.1 Styrkleikar og veikleikar

Styrkleikar:

- Unnið er að framkvæmdum við endurgerð skólahúsnæðis MS sem bæta mun verulega úr allri aðstöðu skólans.
- Stefnskjal skólans eru að jafnaði markviss og skýr.
- Námsráðgjöf er vel sinnt.
- Námsáherslur og markmið um hæfni nemenda að námi loknu eru vel skilgreind.
- Skólanámskrá MS uppfyllir að mestu ákvæði laga og aðalnámskrár.
- Skólanámskráin er aðgengileg og auðvelt að rata um hana út frá efnisyfirliti.
- Í skólanum er ötullega unnið að áhugaverðum þróunarverkefnum um námsmat, kennslu-aðferðir og fleiri skóla- og starfsþróunarverkefnum.
- Starfendarannsóknir skipa veglegan sess í skólastarfi MS.
- Hlutföll kynjanna meðal nemenda eru því sem næst jöfn.
- Skólinn reynir eftir megni að koma til móts við nemendur sem eiga við félagslega, námslega eða annars konar örðugleika að etja.
- Kennarar við MS eru með góða menntun og kenna nær eingöngu sínar sérgreinar.
- Starfsþróunarmarkmið eru vel skilgreind í skólasamningi.
- Stjórnunarstöðum og helstu hlutverkum stjórnenda er skipulega lýst í skólanámskrá.
- Skipuritið bendir til þess að dreifstýring sé allmikil í MS.
- Stjórnendur MS hafa opinberlega gert ítarlega grein fyrir hagræðingar-/sparnaðar-aðgerðum innan skóla síðustu ár.
- Nemendum þykir vænt um skólann og eru stoltir af honum.
- Félagslíf í MS er rómað og dregur til sín umsækjendur um skólavist.
- Samskipti nemenda og kennara eru góð.
- Verkefnið Heilsueflandi framhaldsskóli hefur skilað nokkrum árangri í MS.
- Sjálfsmatsstefna MS er birt í skólanámskrá
- Sérstakur sjálfsmatshópur, er speglar breidd skólasamfélagsins allvel, starfar undir stjórn verkefnisstjóra að matinu.
- Meginreglur að baki sjálfsmatinu eru skilgreindar og birtar í skólanámskrá ásamt þeim viðfangsefnum sem matið tekur til.
- Skólinn nýtir sjálfsmatið sem tæki til skólaþróunar.
- Markmið foreldraráðs eru vel skilgreind.
- Góð samvinna er á milli MS og Vogaskóla og nokkurt samstarf er við aðra skóla, stofnanir og/eða einstaklinga.

Veikleikar:

- Húsnæði skólans er að mörgu leyti óhentugt, meðal annars vegna þess að húsin eru ekki hugsuð sem ein heildarmynd.

- Framkvæmdir við húsnæði skólans valda mikilli tímabundinni röskun fyrir nemendur sem starfsfólk.
- Tölvur eru gamlar og þarfnast endurnýjunar.
- Bókasafn skólans er undirmannað.
- Mötuneytisaðstaða nemenda og kennara er ófullnægjandi.
- Almenna umfjöllun um kennsluhætti og náms- eða kennsluáætlanir vantar í skólanámskrá.
- Myndrænar upplýsingar á heimasíðu skólans um námsframboð eru úreltar og villandi því þær sýna málabraut sem valkost.
- Námsframboð í MS er fremur einhæft.
- Skólinn hefur ekki skilgreinda námsmatsstefnu.
- Litlar tengingar eru við þjónustustofnanir utan skólans.
- Starfsaldur kennara er hár miðað við aðra framhaldsskóla.
- Staða fjármálastjóra gagnvart yfirstjórn annars vegar og þjónustusviði hins vegar er fremur óljós.
- Ágreiningur er í starfsmannahópnum um stjórnun og ákvarðanatöku innan skólans.
- Fjárhagsörðugleikar hafa haft margvísleg neikvæð áhrif á starfsemi MS eftir hrun sem meðal annars hafa komið niður á þjónustustigi gagnvart nemendum sem kennurum.
- Núverandi skipting skólans (Gnoðarvogur – Faxafen) hefur neikvæð áhrif á skólabrag þessi misserin.
- Miklar fjarvistir nemenda úr tímum hafa neikvæð áhrif á skólabrag og ímynd MS.
- Foreldrar virðast hvorki hafa aðkomu að innra mati skólans né heldur eru niðurstöður þess kynntar í foreldraráði.
- Þátttaka foreldra í starfi ráðsins er lítil.
- Ekkert formlegt samkomulag hefur verið gert við heilsugæslustöð í nágrenni MS né sérfræðiþjónustu af öðru tagi.

10.2 Aðgerðir

- Laga þarf ósamræmi á milli þess sem fram kemur í skólanámskrá og á heimasíðu.
- Endurskoða þarf tölvumál skólans frá grunni.
- Móta þarf stefnu um notkun upplýsingatækni í námi og kennslu.
- Brýnt er að auka starfshlutfall á bókasafni að nýju og skapa bókasafni þann sess sem því hæfir.
- Gera þarf átak til þess að fækka fjarvistum nemenda.
- Vinna þarf skipulega og ákveðið gegn brotthvarfi nemenda úr skólanum.
- Unnið verði að því að koma á formlegri tengingum við þjónustustofnanir utan skólans, s.s. heilsugæslu, sérfræðiþjónustu o.fl. stofnanir.
- Semja þarf móttökuáætlun fyrir nemendur sem hafa annað móðurmál en íslensku.
- Virkja þarf nemendur til aukinnar þátttöku sem hagsmunaaðila við ýmsa faglega vinnu innan skólans.
- Gera þarf áætlun um móttöku nýliða sýnilega.
- Skipurit skólans þarf að uppfæra.
- Nauðsynlegt er að opinská og hreinskiptin umræða fari fram um stjórnunaraðferðir og ákvarðanatöku innan skólans.
- Gera þarf fundargerðir skólanefndar aðgengilegar t.d. með því að birta þær á heimasíðu skólans.
- Nauðsynlegt er að koma fjármálum skólans í meira jafnvægi.

- Birta þarf niðurstöður úr sjálfsmati með kerfisbundnari og nákvæmari hætti en verið hefur og þær þurfa meðal annars að taka til allra starfseininga, þ.e. kennslu, þjónustu og stjórnunar auk árangurs og líðanar starfsmanna sem nemenda.
- Rita þarf og birta fundargerðir foreldraráðs með skipulegum hætti.
- Bæta þarf upplýsingastreymi, t.d. þarf foreldraráð að funda reglulega með fulltrúum sínum í ráðum og stjórnnum skólans um helstu viðfangsefni.

11 Heimildaskrá

Hér eru að öðru jöfnu aðeins taldar þær heimildir sem vitnað er beint til í meginmáli. Auk þeirra eru ýmis lög og reglugerðir, tölvupóstar og fleira ótilgreint.

Aðgerðaáætlun 2009–2010. (2009). Vefslóð: <http://www.msund.is/page.asp?id=2323&x=>.

Aðgerðaáætlun um jafnréttismál. (2013). Vefslóð: <http://www.msund.is/page.asp?id=385>.

Aðgerðaáætlun vegna eineltismála. (2013). Vefslóð:

<http://www.msund.is/page.asp?id=2572&x=>.

Aðalnámskrá framhaldsskóla: almennur hluti. (2004). Reykjavík: menntamálaráðuneyti.

Aðalnámskrá framhaldsskóla: almennur hluti. (2011). Reykjavík: mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Aðalnámskrá framhaldsskóla: almennur hluti. 2. útgáfa. (2012). Reykjavík: mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Ársskýrsla Menntaskólans við Sund 2012. (2013). Vefslóð:

<http://msund.is/page.asp?id=2129&x=>.

Ársskýrsla Menntaskólans við Sund 2013. (2014), bls. 4. Vefslóð:

<http://msund.is/page.asp?id=2129&x=>.

Bókasafn og upplýsingamiðstöð. (2013). Vefslóð: <http://msund.is/page.asp?id=97&x=>.

Forvarnarstefna. (2012). Vefslóð: <http://www.msund.is/page.asp?id=181&x=>.

Fundur sjálfsmatshóps MS með bekkjartenglum 31. október 2013.

Helstu starfssvið við skólann. (2013). Vefslóð: <http://msund.is/page.asp?id=376&x=>.

Hjördís Þorgeirsdóttir. (2014). Bréf til úttektaðila, dags. 14.3.

Hjördís Þorgeirsdóttir. (2014). Bréf til úttektaðila, dags. 2.5.

Hjördís Þorgeirsdóttir. (2014). Bréf til úttektaðila, dags. 25.6.

Hjördís Þorgeirsdóttir. (2014). *Jafnrétti í MS. Lokaskýrsla til Sprotasjóðs.*

Húsnæði MS. (2013). Vefslóð: <http://msund.is/page.asp?id=355&x=>.

Jafnréttisstefna. (2013). Vefslóð: <http://www.msund.is/page.asp?id=182&x=>.

Kristján 4. – valgrein haustönn 2012. (2012). Vefslóð:

<http://msund.is/page.asp?id=2566&x=>.

Lög foreldraráðs Menntaskólans við Sund. [Án árs]. Vefslóð:

<http://msund.is/page.asp?id=2249&x=>.

Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008.

Mannréttindastefna. (2006). Vefslóð: <http://www.msund.is/page.asp?id=183&x=>.

Már Vilhjálmsson. (2014). Bréf til úttektaðila, dags. 27.6.

Mötuneyti nemenda, Kattholt. (2012). Vefslóð: <http://msund.is/page.asp?id=1849&x=>.

Námsráðgjöf. (2013). Vefslóð: <http://msund.is/page.asp?id=96&x=>.

Nemendur með sértæka námsörðugleika. (2013). Vefslóð:

<http://msund.is/page.asp?id=823&x=>.

Ratsjá: skólanámskrá Menntaskólans við Sund skólaárið 2013–2014. (2013). Vefslóð:

<http://www.msund.is/page.asp?id=2570&x=>.

Rekstrarstaða og reiknilíkan framhaldsskóla. (2014), 3. kafli. Reykjavík: Ríkisendurskoðun.

Sjálfsmat kennara: rannsókn á eigin starfi. (2013). Vefslóð:

<http://msund.is/page.asp?id=1893>.

Sjálfsmatsskýrsla Menntaskólans við Sund skólaárið 2012–2013. [2013], bls. 40–41. Vefslóð:

<http://msund.is/page.asp?id=2128&x=>.

Skólanefnd. (2012). Vefslóð: <http://msund.is/page.asp?id=2259&x=>.

Skólasamningur Menntaskólans við Sund og mennta- og menningarmálaráðuneytis. (2013).

Vefslóð: <http://msund.is/page.asp?id=2565&x=>.

Skólasóknarreglur. (2014). Vefslóð: <http://msund.is/page.asp?id=108&x=>.

Skrifstofa. (2013). Vefslóð: <http://msund.is/page.asp?id=375&x=>;

Starfsmannakönnun MS vorönn 2013. (2013). Gögn frá aðstoðarskólameistara.

Stefna Menntaskólans við Sund: markmið og aðgerðir 2013–2014. (2013). Vefslóð: <http://www.msund.is/page.asp?id=2586&x=>.

Stefna skólans. (2010). Vefslóð: <http://www.msund.is/page.asp?id=103&x=>.

Stefna um viðbrögð gegn áföllum. (2013). Vefslóð: <http://msund.is/page.asp?id=2589&x=>

Stofnun ársins 2013. (2013). Vefslóð: <http://www.sfr.is/kannanir-sfr/stofnun-arsins/stofnun-arsins-2013/>.

Söguágrip. (2004). Vefslóð: <http://msund.is/page.asp?id=190&x=>.

Tölvu- og tækjaaðstoð. (2012). Vefslóð: <http://msund.is/page.asp?id=337&x=>.

Um okkur. [Án árs]. Vefslóð: http://www.belja.is/um_okkur/.

Umhverfisstefna. (2012). Vefslóð: <http://www.msund.is/page.asp?id=185&x=>.

Vinnuumhverfisstefna. (2012). Vefslóð: <http://www.msund.is/page.asp?id=2110&x=>.

Próunarverkefni 2013–2014. (2013). Vefslóð: <http://msund.is/page.asp?id=2600&x=>.

Próunarverkefni um námsmat í nýrri skólanámskrá Menntaskólans við Sund: skýrsla til Sprotasjóðs. (2013). Vefslóð: <http://msund.is/page.asp?id=2128&x=>.

Viðtöl (hljóðrituð) við viðmælendur í Menntaskólanum við Sund:

- Aðstoðarskólameistari
- Endurmenntunarstjóri
- Fagstjóri
- Félagsmálafulltrúi
- Félagsmálafulltrúi
- Fjármálastjóri
- Formaður foreldraráðs
- Formaður skólanefndar
- Forstöðumaður bókasafns
- Kennslustjóri
- Námsráðgjafi
- Rekstrarstjóri fasteigna
- Rýnihópur kennara
- Rýnihópur nemenda
- Sjálfsmatshópur
- Skólameistari
- Skrifstofustjóri
- Stjórn nemendafélagsins
- Sviðsstjórar
- Umsjónarmaður tölvukerfis
- Verkefnisstjóri námsnets
- Verkefnisstjóri starfendarannsókna
- Verkefnisstjóri umsjónar í fyrsta bekk
- Vinnuumhverfisstjóri

12 Fylgiskjöl

Akureyri 26. febrúar 2014

Efni: Úttekt á starfsemi Menntaskólans við Sund

Eins og fram kemur í bréfi mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 13. febrúar 2014, hefur okkur undirrituðum verið falið að annast úttekt á Menntaskólanum við Sund. Markmiðið er að leggja mat á starfsemi skólans með hliðsjón af gildandi lögum, reglugerðum og aðalnámskrá framhaldsskóla. Úttektin verður byggð á fyrirbyggjandi gögnum, viðtölum við einstaklinga og hópa, auk vettvangsathugana.

Við óskum eftir góðu samstarfi við stjórnendur skólans og starfsfólk og viljum í upphafi biðja um að tekin verði saman eftirtalin gögn og send til undirritaðra fyrir 6. mars nk.:

- *Ársskýrsla 2012.*
- *Skólanámskrá.*
- *Sjálfsmatsskýrsla 2012–2013.*
- *Upplýsingar um nemendur:*
 - *Aðsókn og innritun nemenda á vorönn 2013 og haustönn 2013.*
 - *Þróun í innritun nemenda að hausti frá 2008.*
 - *Hvaðan koma nemendur (innan/utan upptökusvæðis – hlutfall haust 2013)?*
 - *Fjöldi innritaðra nemenda 15. janúar 2013 og 15. september 2013, skipt eftir árgöngum og kynjum.*
 - *Skipting nemenda á námsbrautir 2008–2013 greind eftir kynjum.*
 - *Meðalstærð námshópa vor og haust 2013.*
 - *Fjarvistarskráning nemenda haustið 2013.*
 - *Brottfall nemenda og þróun á árunum 2008–2013.*
 - *Brautskráningar af einstökum námsbrautum 2008–2013.*
- *Upplýsingar um starfsfólk:*
 - *Stjórnendur, starfshlutfall og kennsluskylda, kynjaskipting.*
 - *Fjöldi kennara í föstum stöðum og starfshlutfall skipt eftir kynjum.*
 - *Fjöldi leiðbeinenda og starfshlutfall (hálf starf eða meira), skipt eftir kynjum.*
 - *Fjöldi stundakennara, kennslutímar pr. viku, skipt eftir kynjum.*
 - *Fjöldi annars starfsfólks í föstum stöðum og starfsheiti, skipt eftir kynjum.*
- *Menntun kennara:*
 - *Fjöldi kennara með BA/BS-próf auk kennsluréttinda.*
 - *Fjöldi kennara með MA/MS/M.Ed.-próf auk kennsluréttinda.*
 - *Fjöldi kennara með doktorspróf auk kennsluréttinda.*
 - *Fjöldi kennara með háskólapróf án kennsluréttinda.*
 - *Fjöldi kennara með aðra menntun.*
 - *Eru kennarar skólans menntaðir í þeim greinum sem þeir kenna?*
 - *Endurmenntunarstefna. Hvernig er endurmenntun/starfsþróun kennara háttað?*
 - *Starfsaldur kennara við skólann, (<3 ár; 3–5 ár; 6–10 ár; 11–15 ár; >15 ár; fjöldi).*
 - *Upplýsingar um starfsmannaveltu við skólann sl. fimm ár.*
- *Skipurit skólans.*
- *Námstími nemenda við brautskráningu.*
- *Umfang forfalla kennara á haustönn 2013.*
- *Fjöldi kennslustunda sem nemendur urðu af vegna forfalla kennara á haustönn 2013.*
- *Upplýsingar um sérstakar áherslur sem skólinn leggur í námi og kennslu.*
- *Upplýsingar um skólaþróunarverkefni sem unnið er að á skólaárinu 2013–2014.*
- *Fyrri úttektir eða kannanir á starfsemi skólans.*

Ef einhverjar ofangreindra upplýsinga liggja fyrir á vef nægir að vísa á þær þar.

Til frekari gagnaöflunar óskum við eftir því að fá að koma í heimsókn í skólann mánudag og miðvikudag 28.–30. apríl nk. Ef einhverjir meinbugir eru á því að taka á móti okkur þá daga biðjum við þig að láta okkur vita sem allra fyrst. Í heimsókninni vildum við eiga viðtöl við eftirtalda aðila eins og hér segir:

Mánudagur 28. apríl

8:30–10:00	Rektor.
10:15–11:00	Skrifstofustjóri og fjármálastjóri.
11:15–12:00	Forstöðumaður bókasafns.
13:00–13:45	Námsráðgjafar.
14:00–14:45	Rýnihópur kennara: Stjórn kennarafélagsins auk eins kennara í erl. tungumálum kennara í viðskiptagreinum og kennara í raungreinum.
15:00–15:30	Rekstrarstjóri fasteigna og umsjónarmaður tölvukerfis
15:45–16:15	Verkefnisstjórar: umsjón í 1. bekk, endurmenntunarstjóri, starfendarannsóknir
16:30–17:00	

Miðvikudagur 30. apríl

8:30–9:00	Formaður skólanefndar.
9:00–9:45	Sjálfsmatsstjóri og einn fulltrúi kennara og nemenda í sjálfsmatshópi.
10:15–11:00	Sviðsstjórar.
11:15–12:15	Konrektor og kennslustjóri.
13:15–14:00	Fagstjórar; íslenska, erlend tungumál, félagsgreinar, náttúrufræði/eðlisfræði, stærðfr.
14:15–14:45	Stjórn nemendafélags og félagsmálafulltrúar.
15:00–15:45	Rýnihópur nemenda (átta nemendur valdir af stjórn nemendafélags).
16:00–16:30	Formaður foreldraráðs.

Leitað verður eftir því við trúnaðarmann kennara að finna einn kennara í erlendum tungumálum, í raungreinum og þann þriðja í viðskiptagreinum í rýnihóp og leita eftir því við stjórn kennarafélagsins að taka þátt og gera þeim viðvart um tímasetningu viðtals. Á sama hátt verður leitað eftir því við formann nemendafélags að finna nemendur í rýnihóp. Óskað er eftir því að rektor leiti eftir því við aðra viðmælendur að taka þátt í samræmi við ofangreint. Tekið skal fram að ef hagfelldara er fyrir skólann að hafa aðra uppröðun á viðtölunum er ekkert því til fyrirstöðu að breyta henni í samráði við rektor.

Með bestu kveðju.

